



Samband íslenskra sveitarfélaga

ÁRSSKÝRSLA

2009

Ársskýrsla 2009
© Samband íslenskra sveitarfélaga 2010/10
Borgartúni 30
Pósthólf 8100
128 Reykjavík
Ljósmyndir: Ingibjörg Hinriksdóttir
Magnús Karel Hannesson
Umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir
Prentun: Prentsmiðjan Oddi

Ávarp formanns sambandsins



Samband íslenskra sveitarfélaga hefur starfað síðan árið 1945 eða í 65 ár. Frumkvöðull að stofnun sambandsins var Jónas Guðmundsson, eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna. Jónas var sannfærður um það að sveitarstjórnarmenn þyrftu að eignast vettvang, þar sem þeir gætu borið saman bækur

sínar. Allan þennan tíma hefur sambandið verið sameiginlegur málsvari sveitarfélaganna og unnið að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra og samstarfi og verið vettvangur fyrir sveitarstjórnarmenn til að skiptast á skoðunum og njóta uppfræðslu um rekstur og verkefni sveitarfélaganna.

Þegar á árinu 1941 hóf Jónas Guðmundsson útgáfu á tímariti fyrir eigin reikning og nefndi það Sveitarstjórnarmál. Enn þann dag í dag koma Sveitarstjórnarmál út og er tímaritið þýðingarmikill þekkingarbrunnur fyrir stjórnendur sveitarfélaga í landinu. Í þjónustukönnun, sem gerð var meðal sveitarstjórnarmanna og starfsmanna sveitarfélaga í tíð núverandi formanns, kom ýmislegt áhugavert og jákvætt fram, m.a. að tímaritið væri mikilvægt fyrir sveitarstjórnarmenn og stjórnendur sveitarfélaga, því þar væri fjallað um málefni sem ekki væri almennt fjallað um í öðrum fjölmiðlum.

Í sveitarstjórnarlögum er kveðið á um það, að Sambands íslenskra sveitarfélaga sé sameiginlegur málsvari sveitarfélaga í landinu. Sambandið hefur því

lögformlega stöðu fyrir hönd sveitarfélaganna í landinu gagnvart ríkisvaldinu og semur við það um ýmis mál fyrir hönd sveitarstjórnarstigsins og aðra innlenda aðila eftir því sem við á.

Til að inna þetta hlutverk sem best af hendi vinnur stjórn sambandsins, formaður og starfsmenn mjög ítarlega eftir stefnumótun landsþinga sem fram fara árlega. Mest stefnumarkandi er þó landsþingið sem haldið er að hausti kosningaárs á fjögurra ára fresti. Það verður aldrei nógu vel brýnt fyrir sveitarstjórnarmönnum að nýta þessi landsþing vel og undirbúa fulltrúa sína vel fyrir þau. Á þessum vettvangi eru teknar mikilvægar ákvarðanir á borð við flutning málefna fatlaðra og aldraðra, framtíðar-skipulag sveitarstjórnarstigsins o.fl. sem stjórninni ber síðan að framfylgja, ekki síst gagnvart ríkisvaldinu sem er í stórum sem smáum málum samningsaðili sambandsins.

Stuðningur sveitarstjórnarmanna skiptir Samband íslenskra sveitarfélaga öllu máli og er rétt að þakka fyrir þau góðu viðbrögð sem sambandið fær frá sveitarstjórnarmönnum um allt land. Jákvæð afstaða sveitarstjórnarmanna til sambandsins hvetur stjórn og starfsmenn til að gæta hagsmuna sveitarfélaganna af alúð og í samræmi við skýra stefnumótun.

Í þessari árskýrslu fyrir árið 2009 er stiklað á stóru um þau verkefni sem sambandið annast sem samnefnari fyrir sveitarstjórnarstigið í landinu og sem þjónustuaðili fyrir sveitarfélögin og sveitarstjórnarmenn. Vonandi gefur skýrslan innsýn í þá fjölbættu og mikilvægu starfsemi sem stjórn og starfsmenn sambandsins sinna á hverju ári.

Halldór Halldórsson

Inngangur framkvæmdastjóra



Í ársskýrslunni er fjallað um helstu verkefni sem stjórn og starfsmenn sambandsins hafa fengist við á árinu 2009. Sum þeirra eru föst og skilgreind í samþykktum sambandsins og lögum um hlutverk þess. Önnur eru byggð á stefnumörkun og aðgerðaáætlun sem þróast milli ára. Á landsþingi sambandsins

árið 2006 var samþykkt ítarleg stefnumörkun og markmið fyrir komandi kjörtímabil. Í framhaldinu var gerð aðgerðaáætlun til að ná settum markmiðum á vegum stjórnar, framkvæmdastjóra og sviðsstjóra hjá sambandinu. Á árlegum landsþingum hefur síðan verið farið yfir stöðuna. Oftast gengur vel að ná markmiðunum en í sumum tilfellum hafa aðstæður breyst. Dæmi eru um að ekki hafi tekist að ná settu marki, eldri stefnumið verði úrelt eða ný komi upp. Stefnumörkunin er því í raun hreyfanleg, lifandi og breytingum undirorpin en kjölfestan vegur þó þyngst og er ávallt til staðar. Hún felst í því að hagsmunir sveitarfélaga og efling sveitarstjórnarstigsins eru ávallt leiðarljósið sem starfað er eftir. Stjórn og starfsmenn sambandsins reyna eins og frekast er unnt að standa undir þeim væntingum sem í því leiðarljósi felast.

Við upphaf hvers árs er gerð starfsáætlun fyrir sambandið sem skipt er á þau fimm fag- og verkefnasvið sem mynda skipulagsheild þess. Starfsáætlun hvers sviðs endurspeglar þær áherslur sem þyngst vega hverju sinni og við lok hvers árs er lagt mat á árangurinn. Í matinu felast lýsingar á þeim viðfangsefnum sem hæst hafa borið og mynda

þær og árangursmatið síðan grunninn að ársskýrslunni ár hvert. Þetta vinnulag knýr stjórnendur og starfsmenn sambandsins til að vera stöðugt á vaktinni gagnvart hlutverki sínu og skyldum og skapar í raun grundvöll fyrir mikla umræðu og upplýsingaflæði um viðfangsefnin innan starfseminnar. Þannig eykst samhugur starfsmanna, liðsheildin stendur saman með skýr markmið, sem er mikilvæg forsenda þeirrar starfsgleði sem einkennir starfsmannahóp sambandsins.

Þrátt fyrir skýra hlutverkaskipan og stefnumörkun í starfsemi sambandsins koma ár hvert ávallt upp óvænt atvik sem breyta áherslum og forgangs röðun verkefna. Skýrasta og stærsta dæmið um slíkt er efnahagshrunið sem brast á í byrjun októbermánaðar árið 2008. Það hefur haft mikil áhrif á starfsemi sambandsins og einkennast mörg verkefni ársins 2009 af því áfalli. Í tengslum við það hefur sambandið kappkostað að auka upplýsingaflæði til sveitarfélaga og hefur heimasíða þess þróast enn frekar í að verða mikill upplýsingabrunnur fyrir sveitarstjórnarmenn.

Það er von mín að ársskýrslan gefi skýra mynd af því hvernig stjórn og starfsmenn sambandsins sinntu hlutverki sínu og leituðust við að standa undir mikilvægum skyldum sínum gagnvart sveitarfélögunum árið 2009.

Að venju hefur sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs haft umsjón með gerð ársskýrslunnar og kann ég honum bestu þakkir fyrir vel unnið starf. Auk þess þakka ég öllum starfsmönnum sambandsins og sveitarstjórnarmönnum um land allt fyrir ánægjulegt samstarf.

Karl Björnsson

Landsþing og stefnumörkun

Landsþing sambandsins, það 23. í röðinni, var haldið í mars 2009 í Reykjavík. Helstu viðfangsefni þingsins voru verkaskiptamál, sveitarfélögin og ESB, aukið lýðræði í sveitarfélögunum og fjármál sveitarfélaga. Þá var farið yfir stefnumörkun sambandsins, verkefni endurmetin og aðgerðaráætlun endurskoðuð.

Venjan er að á fyrsta landsþingi eftir sveitarstjórnarkosningar fari fram ítarleg stefnumörkun sambandsins fyrir komandi kjörtímabil. Stefnumörkun sambandsins er því að stofni til frá árinu 2006 en hún var endurskoðuð á landsþinginu 2008. Þá var einnig samþykkt aðgerðaáætlun um hvernig best yrði staðið að því að fylgja stefnunni eftir og ná markmiðum hennar. Stjórn sambandsins, framkvæmdastjóri, sviðsstjórar og nefndir á vegum sambandsins gegna þar ákveðnu hlutverki. Á árlegum landsþingum er síðan farið yfir stöðuna og hvaða árangri hefur verið náð. Í sumum tilfellum hafa aðstæður breyst, ekki er unnt að ná markmiðum, eldri stefnumið eru orðin úrelt og þörf hefur skapast fyrir ný. Landsþingið fjallar um slíka þróun og tekur nýjar ákvarðanir ef þurfa þykir.

Stjórn sambandsins

Stjórn sambandsins hélt 11 fundi á árinu 2009, þar af einn á Akureyri sem jafnframt var vinnufundur stjórnarinnar þar sem fjallað var um heildarendurskoðun á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, álagningu fasteignaskatta og fasteignagjalda, lýðræði í sveitarfélögunum og persónukjör við sveitarstjórnarkosningar. Að loknum vinnufundi stjórnarinnar var farið í heimsókn á

umdæmisskrifstofu Fasteignaskrár Íslands á Akureyri þar sem starfsfólk skrifstofunnar og aðstoðarforstjóri Fasteignaskrár Íslands tóku á móti stjórn og starfsmönnum sambandsins og kynntu starfsemi hennar.

Í tengslum við fjármálaráðstefnu sveitarfélaga var haldinn árlegur fundur stjórnar sambandsins með formönnum og framkvæmdastjórum landshlutasamtaka sveitarfélaga. Á þessum fundum gera fulltrúar landshlutasamtakanna grein fyrir helstu verkefnum á hverju starfssvæði þeirra fyrir sig og rædd eru ýmis samskipta- og samstarfsverkefni sambandsins og landshlutasamtakanna.

Svandís Svavarsdóttir baðst lausnar frá setu í stjórn sambandsins í júní 2009, en hún var kjörin til setu á Alþingi í alþingiskosningum sem fram fóru í apríl. Jafnframt settist Svandís í stól umhverfisráðherra í samsteypustjórn Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs.

Sæti Svandísar í stjórninni tók varamaður hennar, Þorleifur Gunnlaugsson borgarfulltrúi í Reykjavík. Þorleifur var jafnframt kjörinn varaformaður stjórnarinnar á fundi hennar í ágúst.

Á árinu var dagskráruppbyggingu stjórnarfunda breytt til að auka skilvirkni og framkvæmdastjóra og sviðsstjórum var veitt heimild til að ganga frá ýmsum málum milli funda án þess að leita samþykkis stjórnar, svo fremi að unnið sé á grundvelli stefnumörkunar sambandsins.

Í nóvember var skipuriti skrifstofu sambandsins breytt og allir málaflokkar sveitarfélaga vistaðir á ákveðnum

Frá Byggðaráðstefnu sem haldin var í Borgarnesi í febrúar



sviðum til að greiða fyrir framgangi þeirra mála sem sambandinu berast.

Samskipti við ríkisstjórn og Alþingi

Formaður og framkvæmdastjóri sambandsins áttu á árinu 2009 marga samráðsfundi með forsætisráðherra og fjármálaráðherra um stöðu og horfur í efnahagsmálum og fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Gott samstarf var við efnahagsskrifstofu forsætisráðuneytisins sem síðan var flutt í hið nýja efnahags- og viðskiptaráðuneyti og fór samstarfið við það ráðuneyti vel af stað.

Samkvæmt samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga starfar sérstök nefnd um efnahagsmál og þróun í fjármálum ríkis og sveitarfélaga. Nefndin á að taka saman upplýsingar um fjármál ríkis og sveitarfélaga sem leggja skal fyrir samráðsfund þessara aðila. Nefndin var endurskipuð á árinu með nýju erindisbréfi í ágúst 2009. Fulltrúum sveitarfélaga var fjölgað um einn og inn í nefndina kom fulltrúi frá efnahags- og viðskiptaráðuneytinu. Starfsmaður var ráðinn tímabundið til að starfa fyrir nefndina. Starf hans fólst fyrst og fremst í að setja upp ramma að hagstjórnarsamningi milli ríkis og sveitarfélaga og vinna að gerð fjármálareglna fyrir sveitarfélögin.

Vegvísir að gerð hagstjórnarsamnings

Í október 2009 var skrifað undir vegvísi að gerð hagstjórnarsamnings milli ríkis og sveitarfélaga og vinnur samráðsnefndin um efnahagsmál að framkvæmd hans.

Í vegvísinum segir að ráðuneyti samgöngu- og sveitarstjórnarmála, fjármálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga séu sammála um, að með tilliti til hagstjórnar þurfi að líta á fjármál opinberra aðila sem eina heild og að nauðsynlegt sé að þeir sem ábyrgir eru fyrir þeim hafi með sér samráð og samstarf.

Aðilar samningsins líta á eftirfarandi meginþætti og markmið sem leiðarljós í samstarfi þeirra í opinberum fjármálum og efnahagsmálum:

- Vinna að því að auka samstarf aðila um stjórn opinberra fjármála.
- Haga fjármálum hins opinbera í samræmi við ákveðin mörk og viðmið sem sett eru við hagstjórn landsins.
- Eiga samstarf um að áætlanir um tekjur og útgjöld ríkis og sveitarfélaga taki mið af markmiðum um þjóðhagslegan stöðugleika.
- Leita sameiginlegra leiða til þess að tryggja að afkoma ríkis og sveitarfélaga verði í samræmi við þau markmið sem sett eru um jöfnuð í fjármálum hins opinbera á hverjum tíma.
- Vinna að gerð fjármálareglna fyrir sveitarfélög er tryggi að markmið um rekstrarafkomu náist og reisi skorður við skuldsetningu þeirra.
- Lagaforsendur fyrir fjárhagsáætlunumsveitarfélaga og framkvæmd þeirra að efnahagsstefnu ríkistjórnarinnar þannig að fjármál hins opinbera taki mið af samræmdri heildarstefnu.
- Samstarf um lánamál hins opinbera, m.a. um skuldastýringu sem einnig taki til fyrirtækja í opinberri eigu, í þeim tilgangi að tryggja að

Frá samráðsfundi ríkis og sveitarfélaga sem haldinn var í mars



lántökur opinberra aðila og afborganir og vextir af þeim séu í samræmi við stöðu gjaldeyrismála og stefnu í gengismálum hverju sinni.

- Leitað verði leiða sem tryggja að öll lagafrumvörp og þær reglugerðir sem geta haft áhrif á útgjöld ríkissjóðs og/eða sveitarsjóðs verði kostnaðarmetin áður en kynning fer fram í ríkisstjórn og frumvarp er lagt fram á Alþingi eða reglugerð birt í Stjórnartíðindum.

Til að ná framangreindum markmiðum stefna aðilar að gerð hagstjórnarsamnings til eins árs í senn. Með gerð hans er tryggt ferli fyrir samráð ríkis og sveitarfélaga á sviði opinberra fjármála og skapaður sameiginlegur skilningur á fjármálalegum viðfangsefnum hvors aðila um sig samfara því að skilgreindar eru aðgerðir í þágu samræmdrar opinberrar hagstjórnar.

Flutningur þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga

Verkefnisstjórn um flutning á þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga starfaði af fullum krafti á árinu, hélt fjölda funda og tóku starfsmenn sambandsins þátt í þróun verkefnisins í nánú samstarfi við fulltrúa þess í verkefnisstjórn. Mikilvægum áfanga í þessum verkefnaflutningi var náð í mars 2009 þegar fulltrúar ríkisins og sambandsins undirrituðu viljayfirlýsingu um flutning málaflokksins til sveitarfélaganna árið 2011.

Samkvæmt viljayfirlýsingunni munu sveitarfélög taka að sér ábyrgð á þjónustu við fatlaða í sambýlum og á áfangastöðum fatlaðra. Þau munu sinna frekari liðveislu í þjónustu- og íbúðakjörnum og dagþjónustu við fatlaða sem ekki fellur undir vinnumál. Á ábyrgð

sveitarfélaganna verða einnig heimili fyrir fötluð börn og skammtímavistun ásamt ábyrgð á stuðningsfjölskyldum fatlaðra barna.

Í maí var haldið gagnlegt málþing um flutning þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga. Í því tóku þátt sveitarstjórnarmenn, starfsmenn sveitarfélaga og starfsmenn svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra.

Jónsmessunefnd

Hin svokallaða Jónsmessunefnd sem fjallar um samskiptamál ríkis og sveitarfélaga varð virk á árinu 2009 og hélt hún fjölda funda og setti margvísleg samskiptamál í vinnslufarveg. Í nefndinni sitja af hálfu sambandsins Halldór Halldórsson formaður og Dagur B. Eggertsson stjórnarmaður, Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, og Indriði H. Þorláksson, fyrrverandi aðstoðarmaður fjármálaráðherra. Framkvæmdastjóri sambandsins og skrifstofustjóri sveitarstjórnarmála í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu undirbúa og sitja fundi nefndarinnar og vinna úr málum sem þar eru til umfjöllunar. Hefur það aukið mjög skilvirkni nefndarinnar.

Alþingi og ríkisstjórn

Þegar eftir kosningar til Alþingis í apríl var öllum þingmönnum sent erindi með helstu áherslumálum sambandsins. Því var fylgt eftir gangvart ríkisstjórninni. Finna má marga þætti í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem rekja má til þessa erindis. Því er m.a. lofað að samskiptareglur ríkis og sveitarfélaga verði bundnar í lög til að stuðla að öguðum og

XXIII. landsþing var haldið í apríl



formföstum samskiptum. Þessu mun einnig fylgja að efnahagssamráð ríkis og sveitarfélaga verði eft.

Samráðsfundir ríkis og sveitarfélaga

Í mars áttu formaður og framkvæmdastjóri sambandsins samráðsfund með ráðherra sveitarstjórnarmála, fjármálaráðherra og félags- og tryggingarmálaráðherra. Á fundinum var m.a. rætt um samstarf ríkis og sveitarfélaga og töldu ráðherrarnir það hafa gengið farsællega í því erfiða efnahagsástandi sem þjóðin glímdi við á þeim tíma og að vel hefði gengið að framkvæma þær aðgerðir sem fram koma í yfirlýsingu frá því í byrjun október 2008 um aukið samstarf ríkis og sveitarfélaga.

Formaður sambandsins lagði áherslu á að samstarf ríkis og sveitarfélaga þyrfti að efla enn frekar m.a. með því að framlengja umboð Jónsmessunefndar, auka vægi samráðnefndar um efnahagsmál og með því að undirbúa lagasetningu um samskipti ríkis og sveitarfélaga – mikil þörf væri á því að koma samskiptinum í fastari skorður og binda í lög þær grundvallarreglur sem fram koma í samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga.

Formlegur samráðsfundur ríkis og sveitarfélaga var síðan haldinn í samgönguráðuneytinu 29. september og sátu hann fulltrúar fjármálaráðuneytis, samgönguráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Til fundarins var boðað á grundvelli samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga en tilgangur hans er að efla formlegt samstarf ríkis og sveitarfélaga.

Á fundinum var farið yfir stöðu og horfur í búskap ríkis og sveitarfélaga og fjallað um eflingu sveitarfélaga. Kristján L. Möller samgönguráðherra og Steingrímur J.

Sigfússon fjármálaráðherra fóru yfir stöðu mála í hvoru ráðuneytinu fyrir sig. Steingrímur gerði grein fyrir stöðu og horfum í þjóðarbúskapnum og fjárlagagerðinni og í framhaldi af því fjallaði Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, um stöðu sveitarfélaganna.

Síðan fóru fram almennar umræður og jafnframt voru kynnt drög að vegvísi að gerð hagstjórnarsamnings ríkis og sveitarfélaga.

Leiðir til frekari sameiningar sveitarfélaga

Í framhaldi af samráðfundi ríkis og sveitarfélaga undirrituðu formaður sambandsins og samgönguráðherra yfirlýsingu um vinnu við mótun tillagna um leiðir til frekari sameiningar sveitarfélaga.

Þar lýsa ráðherrann og formaður sambandsins ánægju sinni með þá umræðu og vinnu sem farin er af stað til eflingar sveitarstjórnarstigsins og nefna sérstaklega vinnu við yfirfærslu á málefnum fatlaðra og aldraðra til sveitarfélaganna, nefndir sem vinna að heildarendurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga og reglum jöfnunarsjóðs, að samráð ríkis og sveitarfélaga hafi verið bætt og eftt með tilkomu sérstakrar samráðsnefndar og á vettvangi samráðsnefndar um efnahagsmál sé unnið að frekari útfærslum á samráði hins opinbera á sviði efnahagsmála. Gerð sóknaráætlana fyrir hvern landshluta muni jafnframt skapa nýja sýn á samþættingu opinberrar stefnumótunar og svæðasamvinnu.

Aðilar yfirlýsingarinnar lýsa sig sammála því að einn liður í eflingu sveitarstjórnarstigsins sé frekari sameining sveitarfélaga í stærri og öflugri einingar. Áréttað er

Samráðsfundur vegna efnahagsvandans var haldinn í maí



að Samband íslenskra sveitarfélaga hefur ekki stutt hugmyndir um lögpvingaða sameiningu sveitarfélaga en sambandið lýsir sig reiðubúið til viðræðna um útfærslu á öðrum leiðum. Sambandið hvetur jafnframt til sameiningar og stækkunar sveitarfélaga.

Með yfirlýsingunni var ákveðið að setja á laggirnar fjögurra manna nefnd sem fengi það hlutverk að ræða og meta sameiningarkosti í hverjum landshluta og að leggja fram tillögur að sameiningum sveitarfélaga sem lagðar yrðu fyrir landsþings sambandsins haustið 2010. Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn í desember 2009.

Helstu lagabreytingar á árinu 2009

Efnahagshrunið í lok árs 2008 og afleiðingar þess settu mikinn svip á þingstörfin á árinu. Umdeildasta þingmálið var án efa frumvarp til laga um ríkisábyrgð vegna svonefndra lcesave-reikninga en einnig voru lagðar til umfangsmiklar breytingar á löggjöf um atvinnuleysisbætur, fæðingarorlof og skattamál. Fremur lítið var um lagafrumvörp sem vörðuðu verkefni sveitarfélaga. Ástæða er þó til þess að geta sérstaklega laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna, sem eru fyrstu heildarlög um fráveitur, og laga nr. 6/2009 um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og lögum um gatnagerðargjald, sem lagt var fram að beiðni sambandsins til þess að bregðast við skilum á byggingarlóðum og erfiðari innheimtu fasteignagjalda.

Lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sem samþykkt voru í júlí, höfðu veruleg kostnaðaráhrif á sveitarfélögin vegna hækkunar tryggingargjalds. Fulltrúar sambandsins

andmæltu því harðlega að frumvarpið var lagt fram án þess að hafa verið kostnaðarmetið gagnvart sveitarfélögum, en hag- og upplýsingasvið sambandsins áætlaði að á ársgrundvelli gæti lagabreytingin valdið sveitarfélögunum um tveggja milljarða króna kostnaðarauka. Fulltrúar ríkisins bentu á það á móti að lög sem heimila úttekt á séreignarlífeyrissparnaði hafi bætt sveitarfélögunum þennan útgjaldaauka og ríflega það með auknum útsvarstekjum. Hafa ber í huga að sú lagabreyting fól eingöngu í sér að skatttekjur af lífeyrissparnaði berast sveitarfélögunum fyrr en ella hefði orðið.

Sambandið lét ekki deigan síga fyrr en ríkisstjórnin samþykkti að bæta sveitarfélögunum að hluta til þann kostnaðarauka sem hlaut af hækkun tryggingargjalds á miðju ári 2009. Á árinu 2010 fá sveitarfélögin 1,2 ma.kr. frá ríkinu vegna þessarar hækkunar tryggingargjaldsins.

Frumvarp um endurskoðun laga um matvæli og laga um dýralækna, til innleiðingar á matvælalöggjöf ESB var lagt fram þrívægis á árinu og loks afgreitt í desember. Af hálfu sambandsins og Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi voru einkum gerðar athugasemdir við þær breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á sviði matvælaeftirlits sem lagðar voru til í matvælafrumvarpinu.

Þá var frumvarp til laga um breytingar á lögum um sveitarstjórnarkosningar, þar sem lagt er til að tekið verði upp persónukjör, lagt fram í tvígang á árinu en ekki afgreitt. Mikil áhersla var lögð á það af sambandsins hálfu að eiga samráð við sveitarstjórnir og landshlutasamtök sveitarfélaga um efni umsagnar

Fundur vegna flutnings málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga var haldinn á Grand Hótel í maí



um kosningafrumvarpið og bárust margar gagnlegar ábendingar frá sveitarfélögunum.

Þingsályktunartillaga um náttúruverndaráætlun 2009–2013 var lögð fram þrívægis og loks afgreidd í desember.

Mikil vinna var lögð í gerð umsagna sambandsins um framangreind þingmál en í sumum tilvikum var veittur afar skammur umsagnarfrestur.

Um áramótin 2009/2010 setti samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra á laggirnar starfshóp til þess að vinna að endurskoðun sveitarstjórnarlaga. Verkefni starfshópsins felst í megindráttum annars vegar í því að meta hvort gildandi sveitarstjórnarlög, nr. 45/1998, séu í heild sinni byggð upp með þeim hætti sem æskilegt er. Hins vegar skal hópurinn fjalla um alla kafla laganna og meta efni þeirra og uppbyggingu, auk þess að skoða hvers konar ný ákvæði myndu koma til álita til þess að lögin taki á þeim álitafnum sem um er að ræða og markmiðum með vinnu þessari. Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins á sæti í starfshópnum, ásamt einum borgarfulltrúa í Reykjavík. Stefnt er að því að hópurinn ljúki störfum haustið 2010.

Fjármál sveitarfélaga

Á árinu 2009 var fjárhagslegt umhverfi sveitarfélaganna erfiðara en um langa hríð. Hrun íslensku bankanna á síðari hluta árs 2008, mikið fall á gengi krónunnar, stóraukið atvinnuleysi og verðhækkanir mörkuðu djúp spor í rekstrarumhverfi sveitarfélaganna. Erfiðleikar á útvegum lánsfjár hafa gert þessa stöðu enn þrengri fyrir mörg þeirra. Því má ekki gleyma að fjármálakreppan

er alþjóðleg enda þótt orsakir hennar séu í fæstum löndum eins dramatískar og hérlandis. Atvinnuleysi á Íslandi var að jafnaði nálægt 8% á árinu 2009. Vandséð er að það fari lækkandi sem neinu nemur á næstu einu til tveimur árum. Aukið atvinnuleysi hefur marghátuð áhrif fyrir samfélagið og rekstur sveitarfélaganna. Velta í þjóðfélaginu minnkar vegna þess að hluti íbúanna hefur minna ráðstöfunarfé milli handanna. Það hefur áhrif á almennan rekstur í samfélaginu og ríki og sveitarfélög fá þannig lægri tekjur til að standa undir þeirri þjónustu sem þeim er ætlað að sinna. Á sama tíma aukast útgjöldin hjá sveitarfélögunum á ýmsa lund. Það gerist t.d. vegna meiri þarfar fyrir félagsþjónustu af ýmsu tagi og þörf fyrir húsaleigubætur og fjárhagsaðstoð fer vaxandi

Í kjölfar hruns fjármálakerfisins á Íslandi í október 2008 var safnað upplýsingum um rekstur, sjóðstreymi og efnahag sveitarfélaganna með bráðabirgðauppgjöri. Upplýsingarnar bárust í lok október og byrjun nóvember. Niðurstöður þeirra voru notaðar á fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna sem grunnur að spá um fjárhagslega stöðu þeirra og líklega útkomu á árinu 2008. Eins hafa þær verið nýttar til að leggja gróft mat á líklega þörf fyrir aðkomu eftirlitsnefndar sveitarfélaga að fjármálum þeirra. Í framhaldi af þessu gaf hag- og upplýsingasvið út tvær skýrslur. Hin fyrri fjallaði um fjárhagslega stöðu sveitarfélaganna og hin síðari um undirbúning og vinnslu fjárhagsáætlunar. Með hliðsjón af ástandinu í samfélaginu á haustmánuðum ársins 2008 var þess farið á leit við sveitarfélögin að þau skiluðu inn mánaðarlegum upplýsingum um ákveðnar grunnstærðir í rekstri sínum og efnahag. Skil þessara upplýsinga voru ekki nægjanlega góð framan af árinu 2009. Því

Málþing um lýðræðismál var haldið í ágúst



var opnuð vefgátt til að auðvelda sveitarfélögunum að senda upplýsingarnar beint inn í gagnagrunn sem settur var upp af hálfu Hagstofunnar. Sveitarfélögum sem hafa færri en 300 íbúa var gefin undanþága frá þessum skilum. Á seinni hluta ársins 2009 bötnuðu skilin þannig að þær upplýsingar sem berast í gagnagrunninn hafa verið gagnlegar til að fylgjast með hvert stefnir í afkomu sveitarfélaganna og gefa Hagstofu Íslands einnig betri möguleika á að uppfylla skyldur sínar um upplýsingagjöf um opinber fjármál.

Á árinu 2009 var unnið að undirbúningi þess að geta flutt upplýsingar á rafrænan hátt úr bókhaldi sveitarfélaganna í gagnagrunn Upplýsingaveitu sveitarfélaga sem sambandið hefur unnið að um nokkurra ára skeið ásamt ráðuneyti sveitarstjórnarmála, Hagstofunni og KPMG. Fyrirtækið Maritech annaðist verkið og lögð var fram lokaskýrsla um stöðumat og aðgerðaáætlun í byrjun desember. Verkefnið byggir á samstarfi sambandsins, Hagstofu Íslands og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.

Árlegur fundur hagdeilda norrænu sveitarfélagasambandanna var haldinn í Reykholti í Borgarfirði seint í ágúst. Meginþema fundarins var erfið fjárhagsstaða sveitarfélaga og viðbrögð við efnahagsvandanum.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skipaði starfshóp í ársbyrjun 2009 til þess að endurskoða laga- og reglugerðarákvæði um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og tóku starfsmenn hag- og upplýsingasviðs sambandsins þátt í endurskoðunarvinnunni.

Kjaramál

Launanefnd sveitarfélaga

Launanefnd sveitarfélaga fundar að jafnaði annan hvern mánuð. Nefndin samþykkir bæði almenn og sértæk markmið vegna kjarasamningagerðar og fylgist með að unnið sé á grundvelli þeirra samþykkt. Launanefndin skipar samninganefndir til að annast kjarasamningagerðina fyrir sína hönd og eru samninganefndirnar fyrst og fremst skipaðar sérfræðingum kjarasviðs, en formaður LN og eftir atvikum fulltrúar í LN eiga sæti í einstaka samninganefndum. Samninganefndirnar undirrita kjarasamninga með fyrirvara um samþykki LN. Formenn samninganefnda LN koma fram fyrir hönd LN sem talsmenn fyrir viðkomandi samninga. Almenna reglan er sú að samninganefndir skuli skipaðar þremur fulltrúum.

Sveitarfélög gera kjarasamninga við stéttarfélög opinberra starfsmanna sem starfa á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, auk þess gera sveitarfélög kjarasamninga við almenn stéttarfélög sem starfa á grundvelli laga um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938.

Launanefnd sveitarfélaga fer með fullnaðarumboð til kjarasamningsgerðar fyrir hönd allra sveitarfélaga í landinu með þeirri undantekningu að umboðið frá Reykjavíkurborg takmarkast við aðildarfélög KÍ og Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. Samningsumboð nefndarinnar er grundvallað á umboðum sem hún hefur frá hverju sveitarfélagi, fyrirtæki, stofnun eða hagsmunasamtökum, sem jafnframt skuldbinda sig til að hlíta samþykktum

Undirskrift á samráðsfundi sem haldinn var í september



nefndarinnar og þeim kjarasamningum sem hún gerir fyrir þeirra hönd í öllum atriðum. Breytingar, viðbætur og frávik, s.s. kerfisbundnar yfirborganir sem byggja á launategundum kjarasamnings á gildistíma hans eru óheimilar.

Gildandi kjarasamningar á vegum nefndarinnar við stéttarfélög eða sambönd þeirra á árinu 2009 eru 40 við 67 viðsemjendur (þar af eru 5 samningar með umboði Reykjavíkurborgar við aðildarfélög KÍ og LSS). Reykjavíkurborg annast sjálf samningsgerð við flesta sína viðsemjendur eða 23 stéttarfélög. Samtals ná kjarasamningar LN og Reykjavíkurborgar til um 20 þúsund launþega.

Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga árið 2008 fól stjórn sambandsins að skipa nefnd er hefði það hlutverk að kanna kosti þess og galla að færa verkefni Launanefndar sveitarfélaga til stjórnar sambandsins. Nefndinni, sem tók til starfa haustið 2009, er ætlað að skila tillögum til stjórnar sambandsins á árinu 2010. Sviðsstjóri kjarasviðs hefur starfað með nefndinni.

Stöðugleikasáttmáli

Í desember 2008 hófu aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld viðræður um samræmda launa- og kjarastefnu til ársins 2010. Fulltrúar í kjaramálanefnd ríkis og sveitarfélaga áttu beina aðild að viðræðunum og höfðu náið samráð um stefnu ríkis og sveitarfélaga í málinu. Afurð þessarar vinnu var Stöðugleikasáttmálinn, sem undirritaður var í júní 2009.

Í maí og júní voru skipulagðir fundir fulltrúa Launanefndar sveitarfélaga með kjörnum fulltrúum og starfsmönnum sveitarfélaga um kjara- og

mannauðsmál. Fundirnir voru skipulagðir í samvinnu við landshlutasamtök sveitarfélaga. Haldnir voru þrír fundir, en vegna viðræðna um stöðugleikasáttmálann var ekki unnt að ljúka fundaröðinni.

Þegar Stöðugleikasáttmálinn lá fyrir hófust kjaraviðræður við viðsemjendur launanefndar. Í júlí var gengið frá samningum við flest félög innan BSRB og ASÍ og gilda þeir samningar til nóvemberloka 2010. Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) felldi kjarasamning sinn og var deilunni vísað til ríkissáttasemjara. Eftir árangurslausar sáttumleitanir lagði samninganefnd LN fram tillögu þess efnis að hlé yrði gert á samningaviðræðum og LSS biði átekta með öðrum stéttarfélögum, sem eru með lausa samninga. Samninganefnd LSS samþykkti tillögu LN og var deilan þar með tekin af borði ríkissáttasemjara. Viðræðum við KÍ og BHM var hins vegar frestað með formlegum hætti fram í miðjan ágúst. Óformlegt og ótímabundið samkomulag var síðan gert um áframhaldandi frestun samningaviðræðna.

Samskipti við viðsemjendur LN hafa verið með ágætum á liðnu ári. Þau hafa mest farið fram gegnum samstarfsnefndafundi og í samningaviðræðum við gerð kjarasamninga.

Á árinu voru haldnir 61 fundir í 23 af 32 samstarfsnefndum LN og viðsemjenda. Sérfræðingar kjarasviðs skipta með sér verkum þegar kemur að setu í samstarfsnefndum LN og viðsemjenda. Vegna hins óvenjulega ástands er ríkir í samningsumhverfinu þá hefur áhersla fulltrúa LN í samstarfsnefndum verið á að vinna að verkefnum með viðsemjendum er stuðla að þróun og samræmingu kjarasamninga.

Ráðstefna um úrvinnslumál var haldin í október



Samræmdar kjararannsóknir

Hagfræðingur kjarasviðs sat í vinnuhópi aðila vinnumarkaðarins, sem hafði það hlutverk að koma á vönduðum, samræmdum og óumdeildum kjararannsóknum fyrir allan vinnumarkaðinn á Íslandi. Markmiðið var m.a. að koma á sambærilegum samningi milli Kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna (KOS) og Hagstofunnar um tölfræðivinnslu launagagna og komið var á milli Kjararannsóknarnefndar (KRN) og Hagstofunnar. Í mars 2009 var samningurinn undirritaður og nær hann til samstarfs aðila um gerð vinnumarkaðsrannsókna um kjör, atvinnutekjur, atvinnuþátttöku, atvinnuleysi og aðra mikilvæga þætti um vinnumarkaðinn. Hagstofa Íslands annast opinberar kjararannsóknir í stað þeirra rannsókna sem farið hafa fram á vegum Kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna. Daglegur rekstur á vegum Kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna hefur verið lagður niður, en nefndin starfar áfram með óbreyttri samsetningu, sem verkkaupi og stefnumarkandi samstarfsvettvangur opinberra vinnumarkaðarins gagnvart Hagstofu Íslands. Samkvæmt samningnum skal einnig starfa sérstök ráðgjafanefnd með Hagstofunni. Fjármálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefna sameiginlegan fulltrúa í nefndina.

Starfsmat

LN og þeir viðsemjendur er samið hafa um aðild að starfsmati gerðu sameiginlega bókun með kjarasamningunum í desember 2008, um að skoðað verði sameiginlega á samningstímanum hvernig til hefur tekist með innleiðingu og framkvæmd

starfsmatskerfisins SAMSTARFs og með hvaða hætti megi tryggja áframhaldandi þróun þess.

Á fundi úrskurðarnefndar um starfsmat sem haldinn var í mars 2009 var ákveðið að skipa sjö manna verkefnisstjórn sem hefði það hlutverk að skoða framkvæmd starfsmatsins út frá fyrrgreindri bókun, meta kosti þess og galla eftir innleiðinguna og móta sameiginlega framtíðarsýn í skýrslu sem lögð skyldi fyrir samráðsfund aðila. Verkefnisstjórnin tók til starfa á vormánuðum og hefur samvinnan gengið vel.

Í nóvember var fengin ný uppfærsla á hugbúnað starfsmatskerfisins frá Bretlandi. Starfsmatsráðgjafar kjarasviðs og Reykjavíkurborgar unnu saman að þýðingu útgáfunnar og aðlögun hennar að íslenskum aðstæðum.

Samráð um vinnumarkaðsmál

Kjaramálanefnd ríkis og sveitarfélaga starfar samkvæmt samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga frá febrúar 2006. Nefndina skipa fyrir hönd sambandsins sviðsstjóri kjarasviðs og lögfræðingur á kjarasviði og fyrir hönd fjármálaráðuneytis skrifstofustjóri starfsmannaskrifstofu og lögfræðingur á starfsmannaskrifstofu. Mikið og gott samstarf er milli aðila.

Nokkrir samráðsfundir fulltrúa opinberra vinnuveitenda og vinnuveitenda á almennum markaði voru haldnir til að ræða áhrif fjármálakreppunnar á vinnumarkaðinn og viðbrögð við þeim. Aðild að þeim viðræðum áttu formaður Launanefndar sveitarfélaga, sviðsstjóri kjarasviðs, mannauðsstjóri Reykjavíkurborgar, tveir fulltrúar frá samninganefnd ríkisins og tveir fulltrúar frá Samtökum atvinnulífsins.

Skólaþing var haldið á Hótel Hilton Nordica í nóvember



Sérfræðingar kjarasviðs eiga einnig sæti í nokkrum nefndum og stjórnun á sameiginlegum vettvangi aðila vinnumarkaðarins, tilnefndir sem fulltrúar sambandsins eða launanevndar, s.s. um lífeyrismál, jafnlaunamál, atvinnuleysismál, starfsendurhæfingu og vegna símenntunar.

Mannauðsstjórnun

Stuðningur við sveitarfélögin í mannauðsstjórnun er verkefni sem orðið er afar brýnt að sinna. Ráðinn var sérfræðingur í mannauðsstjórnun á kjarasviðið í janúarmánuði, sem einnig er lykilsérfræðingur í kjarasamningum kennara. Vegna mikilla anna við að sinna skólamálum og kjaramálum kennara hefur ekki unnist sá tími til að sinna þessum málaflokki eins og stefnt var að. Þrátt fyrir það liggja nú fyrir fyrstu drög að stefnumótun verkefnisins og uppbyggingu upplýsingagjafar á upplýsinga- og samskiptavef sambandsins.

Á árinu var komið á reglulegu samráði við mannauðsstjóra sveitarfélaga og samstarf við starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins hefur einnig verið aukið til muna varðandi mannauðsmálin.

Erlend samskipti

Vegna aðhalds í rekstri voru erlend samskipti í lágmarki á árinu. Í tengslum við náms- og kynnisferð til Danmerkur fóru tveir starfsmenn kjarasviðs í stutta en gagnlega heimsókn til KL, sambands danskra sveitarfélaga.

Í október heimsótti 17 manna hópur frá KS í Noregi kjarasvið. Starfsmenn sviðsins kynntu starfsemi og helstu verkefni sviðsins.

Fulltrúar ríkis og sveitarfélaga hafa undanfarin ár fylgst með starfssemi CEEP, sem eru hagsmunasamtök opinberra vinnuveitenda gagnvart ESB. Samtökin njóta viðurkenningar ESB sem einn aðila vinnumarkaðarins. Áhugi er á að gerast aðili að samtökunum og ráðgert er að stofna Íslandsdeild innan tíðar í samstarfi við fjármálaráðuneytið.

Skólamál

Á árinu 2009 lagði sambandið mikla áherslu á endurskoðun reglugerða í kjölfar setningar nýrra laga um leikskóla og laga um grunnskóla. Alls hafa um 20 mikilvægar reglugerðir verið endurskoðaðar og hefur aðkoma starfsmanna sambandsins að því verki verið mikil og fulltrúar sveitarfélaganna því haft umtalsvert meiri áhrif en áður á efni reglugerðanna. Mikið og gott samstarf hefur verið milli lögfræðisviðs, skólamála-nevndar sambandsins og Reykjavíkurborgar um þetta verkefni.

Tekin var ákvörðun í samstarfi við menntamálaráðuneytið um að ráða sameiginlegan verkefnisstjóra með tilstyrk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til þess að fylgja eftir innleiðingu nýrra skólalaga með áherslu á kafla þeirra um mat og eftirlit með gæðum skólastarfs. Sveitarfélögum voru ætluð aukin verkefni á því sviði með nýjum lögum og ljóst að vinna þyrfti skipulega að innleiðingu þeirra. Ráðnir voru tveir verkefnisstjórar, annar í þrjá mánuði en hinn í tvö ár. Þá mun verkefnisstjóri jafnframt tvíanna áherslur sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarf til ársins 2020 við verkefni sitt og styðja við framgang hennar en sú stefnumótun er afrakstur samstarfs sambandsins, Félags grunnskólakennara

Undirritun ADHD í desember



og Skólastjórafélags Íslands. Verkefnisstjóri vinnur nú að handbók um gerð skólastefnu sveitarfélaga og leiðbeiningum til skóla- og fræðslunefnda um verkefni þeirra og skyldur vegna eftirlits með skólastarfi og sinnir jafnframt ráðgjöf og leiðbeiningum til sveitarfélaga um val, greiningu og samhæfingu á mælitækjum og aðferðum til þess að meta og auka gæði skólastarfs.

Með sameiginlegri ráðningu verkefnisstjóra í skólamálum hefur verið komið á samstarfsvettvangi milli sambandsins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins um mat á gæðum skólastarfs. Einnig má segja að kominn sé vísir að faglegum samráðs-vettvangi við skólamálaráð og skólamálanefndir Kennarasambands Íslands, auk þess sem lagður hefur verið grunnur að samráði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Skólamálafulltrúi sambandsins hafði forgöngu um að skoða möguleika á því að koma á miðlægum vettvangi þar sem yfirsýn væri yfir rannsóknir og kannanir á grunnskólastarfi í þeim tilgangi að draga úr álagi og áreiti innan skóla vegna þeirra og samhæfa og nýta betur niðurstöður. Haldinn var fundur með fulltrúum Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri, Háskólans í Reykjavík, Félags um menntarannsóknir, mennta- og menningarmálaráðuneytis, Skólastjórafélags Íslands, Lýðheilsustöð, Námsmats-stofnunar og skólamálanefndar sambandsins. Fundarmenn töldu verkefnið mjög þarft en ekki tókst að koma því á laggirnar á árinu 2009.

Skólamálanefnd sambandsins lét framkvæma tvær kannanir í samstarfi við hag- og upplýsingasvið sambandsins um aukna hagræðingu og skilvirkni í skólastarfi með hliðsjón af skilgreiningu sambandsins

á grunnþjónustu sveitarfélaga. Þessar kannanir gefa mikilvægar upplýsingar um stöðu og þróun þessara mála á árinu 2009 og voru niðurstöður notaðar við undirbúning III. skólaþings sveitarfélaga.

Þriðja skólaþingið

Skólaþing sveitarfélaga var haldið í þriðja sinn í byrjun nóvember og þótti takast vel. Yfirskrift þingsins að þessu sinni var Skóli á tímamótum – Hvernig gerum við enn betur?

Markmið skólaþinga sambandsins er að stefna saman sveitarstjórnarmönnum og stjórnendum, starfsmönnum og stefnumótendum skóla- og fræðslumála til að skapa samráðs- og lærdómsvettvang innan og milli sveitarfélaga fyrst og fremst. En að þessu sinni var brugðið út af vananum og fulltrúar fleiri hagsmunaaðila kallaðir til leiks og boðin þátttaka. Um var að ræða fulltrúa félagasamtaka kennara og stjórnenda í leik-, grunn- og tónlistarskólum, fulltrúa foreldrasamtaka, Umboðsmanns barna, menntamálaráðuneytis, kennaramenntunarstofnana og rannsóknastofnana þeirra, Námsmatsstofnunar o.fl. Ástæða þess að þingið var opnað með þessum hætti er meðal annars það erfiða efnahagsástand sem nú er við að glíma í samfélaginu og erfið rekstrarstaða í mörgum sveitarfélögum. Lögð var áhersla á að fá alla hagsmunaaðila til skrafs og ráðagerða um það hvernig hægt væri, í sameiningu, að bregðast við og hagræða en reyna að viðhalda þó jafnframt gæðum og þjónustu í leik-, grunn- og tónlistarskólum þrátt fyrir yfirvofandi niðurskurð til rekstursins.

Niðurstöður umræðuhópa þingsins og þau skilaboð sem fyrirlesarar höfðu fram að færa munu án efa gagnast

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga var haldin í október



í frekari samræðum og samráði hagsmunaaðila um skólastarf á komandi misserum.

Formaður sambandsins, Halldór Halldórsson, og mennta- og menningarmálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, ávörpuðu skólaþingið.

Dagskrá skólaþingsins var tvíþætt. Undir fyrri hluta dagskrár voru fyrirlesarar beðnir um að leita svara við spurningunni: *Geta sveitarfélög og skólar aukið gæði og þjónustu í núverandi árferði?* og í síðari hluta skólaþingsins voru frummælendur beðnir um að hafa í huga spurninguna: *Hvernig kennara og kennaramenntun þurfum við?* Öll erindi þingsins voru hljóðrituð og eru þau aðgengileg ásamt glærum fyrirlesara og skýrslu þingsins á upplýsinga- og samskiptavef Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Skólavogin

Skólavogin er tilraunaverkefni á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga sem hefur verið í þróun frá árinu 2007. Verkefnið felst í að kanna árlega viðhorf nemenda, foreldra og starfsfólks til nokkurra þátta í skólastarfinu auk þess sem safnað er ýmsum tölulegum og rekstrarlegum upplýsingum hjá skólastjórum.

Tilraunaverkefnið var víkkað út á árinu 2008 og var unnið eftir þeirri stefnu á árinu 2009. Þau sveitarfélög sem nú taka þátt í verkefninu eru Bláskógabyggð, Borgarbyggð, Fljótshálfir, Grindavíkurbær, Ísafjarðarbær, Reykjanesbær, Sandgerðisbær, Skaftárhreppur, Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Garður, Sveitarfélagið Vogar og Sveitarfélagið Ölfus. Verkefnið gekk vel en í ljós komu ýmis atriði sem betur mega fara. Verkefnið er á þessu stigi að öðrum þæði

hugsað sem tilraunaverkefni sem skili ákveðinni reynslu um framkvæmd þess sem geti verið grunnur að frekari ákvörðunum. Verkefnið var kynnt á fjármálaráðstefnu sambandsins í október. Sérstök verkefnisstjórn hafði yfirumsjón með verkefninu ásamt sérfræðingi hag- og upplýsingasviðs.

Lýðræðismál

Lýðræðishópur sambandsins, sem er skipaður þeim Degi B. Eggertssyni, Magnúsi B. Jónssyni og Soffíu Lárusdóttur, hefur rætt og lagt fram tillögur um aukið lýðræði í sveitarfélögum í samræmi við samþykktir landsþinga sambandsins, en hugmyndir hópsins voru ræddar í sérstökum umræðuhópi á landsþingi sambandsins vorið 2009. Stjórn sambandsins samþykkti á fundi sínum í júní að fela hópnum að leiða umræðu meðal sveitarstjórnarmanna um nýjar lýðræðisleiðir á fundum á haustdögum og voru lýðræðismálin á dagskrá aðalfunda flestra landshlutasamtaka sveitarfélaga í framhaldi af þeirri samþykkt. Fulltrúar í lýðræðishópnum og starfsmenn sambandsins skiptust á að fara á aðalfundina og halda framsögu um lýðræðismál.

Þá stóð lýðræðishópurinn fyrir málþingi í ágúst sem var ætlað að vera inngangur og grunnur að umræðum um lýðræðismál í sveitarfélögum og á aðalfundum landshlutasamtaka sveitarfélaga. Málþingið var haldið í samvinnu við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við HÍ.

Á málþinginu var gerð grein fyrir hugmyndum og tillögum lýðræðishóps sambandsins, m.a. um siðareglur á sveitarstjórnarstigi og miðlæga siðanefnd.

Sólarupprás yfir Laugarásnum í Reykjavík í lok september



Þá var fjallaði um það áfall sem fulltrúalýðræðið varð fyrir í efnahagshruninu, hlutverk sveitarfélaga í að endurbyggja traust á lýðræðiskerfinu og mismunandi leiðir til að styrkja lýðræðið í sveitarfélögum.

Kynnt voru markmið og áhrif tillagna um persónukosningar til sveitarstjórna í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna sem lagt var fram á Alþingi á árinu 2009. Frumvarpið náði ekki fram að ganga.

Jafnréttismál

Á landsfundi jafnréttisnefnda á Ísafirði í september var undirrituð viljayfirlýsing milli sambandsins og Jafnréttisstofu um aðstoð Jafnréttisstofu við sveitarfélög vegna innleiðingar evrópsk sáttmála um jafnrétti á sveitarstjórnarstigi. Þrjú sveitarfélög gerðust aðilar að sáttmálanum á árinu og bættust í hóp þeirra þriggja sem urðu fyrst til að undirrita sáttmálann.

Upplýsingatæknimál

Samstarfsverkefnisambandsins og forsætisráðuneytisins um gerð handbókar um opinbera vefi lauk á árinu og er handbókin aðgengileg öllum á www.ut.is. Vefhandbókin er leiðarvísir um uppsetningu og viðhald vefja fyrir opinberar stofnanir og sveitarfélög en að sjálfsögðu getur hún einnig nýst einkafyrirtækjum. Útgáfa handbókarinnar er liður í að auka fræðslu til þeirra sem fást við upplýsingatækni hjá opinberum aðilum og stuðla að framþróun opinberra vefja í takt við nýja tækni og auknar kröfur notenda.

Byggðamál

Á grundvelli stefnumörkunar sambandsins skipaði stjórnin vinnuhóp til þess að endurskoða stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga í byggðamálum sem samþykkt var á 62. fundi fulltrúaráðs sambandsins í Hveragerði árið 2002. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að ráðast í gerð Sóknaráætlunar fyrir Ísland 20/20 breytti forsendum fyrir starfi vinnuhópsins þar sem verkefnið felur í sér að komið er til móts við helstu athugasemdir sambandsins við hvernig staðið hefur verið að gerð byggðastefnu ríkisins undanfarin ár. Framkvæmdastjóri sambandsins á sæti í stýrihópi vegna verkefnisins.

Sambandið stóð fyrir ráðstefnu, í samvinnu við ráðuneyti byggðamála, Byggðastofnun, SSV, SSNV og FV um evrópsk byggðamál 20. febrúar í Borgarnesi, undir yfirskriftinni Íslensk byggðamál á krossgötum. Þátttakendur voru rúmlega 100.

Alþjóðamál

Aðild Íslands að ESB

Umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu setti mark sitt á starfsemi sambandsins á árinu. Stjórn sambandsins samþykkti á fundi í desember 2008 eftirfarandi ályktun:

„Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkir að framkvæmdastjóri hafi forystu um að lagt verði mat á hagsmuni sveitarfélaga, kosti og ókosti, af inngöngu Íslands í Evrópusambandið (ESB) og þátttöku í Evrópusamvinnu á vettvangi þess. Auk almenns yfirlits um áhrif og gildi Evrópusamvinnunnar á

Skólasúta við sundin blá, Esjan í baksýn, myndin er tekin í lok marsmánaðar 2009



sveitarstjórnarstigið verði m.a. lagt sérstakt mat á eftirtalda þætti:

- a. Aðkomu fulltrúa íslenskra sveitarfélaga að undirbúningi ákvarðana sem snerta sveitarfélögin.
- b. Aðgengi að stuðningi, styrkjum og þróunarfé úr sjóðum ESB fyrir sveitarfélög, landsvæði og/eða byggðalög.
- c. Aðildar að verkefnum og styrkjum sem unnin eru á vettvangi ESB eða teljast hluti Evrópusamvinnunnar.
- d. Önnur atriði sem máli skipta til að ofangreint mat nái markmiðum sínum.“

Sviðstjóra þróunar- og alþjóðasviðs og forstöðumanni Brussel-skrifstofu sambandsins var falið í framhaldinu að taka saman greinargerð um áhrif Evrópusambandsaðildar á íslenska sveitarstjórnarstigið og lauk því verki í janúar. Í greinargerðinni eru metin bein áhrif Evrópusambandsaðildar á starfsemi íslenskra sveitarfélaga en ekki óbein áhrif vegna sjávarútvegs- og landbúnaðarstefnu ESB.

Helstu niðurstöður greinargerðarinnar eru þær að ekki yrði um miklar viðbætur að ræða á löggjafarsviðinu frá því sem EES-samningurinn gerir ráð fyrir. Stærstu breytingarnar yrðu á sviði byggðamála þar sem aðild myndi opna fyrir aðgang að byggðasjóðum ESB og bjóða upp á ýmis sóknarfæri í byggða- og atvinnuþróunarmálum. Sveitarfélögin gætu orðið mun virkari á því sviði. Það er þó mjög mikilvæg forsenda að sveitarfélögum takist að byggja upp öflugri stjórnsýslu og svæðisbundið samstarf til að nýta sér sóknarfærin.

Landhlutasamtök sveitarfélaga og atvinnuþróunarfélög gætu gegnt þar lykilhlutverki. Þetta er líka forsenda þess að sveitarfélögum takist almennt að nýta sér alla þá þekkingu og tengslanet sem þeim stæðu til boða ef til aðildar kemur, einnig í málaflokkum sveitarfélaga sem standa utan við löggjafarvald og byggðastefnu ESB.

Höfundar greinargerðarinnar telja mikilvægt að hafa í huga að það er ekki hægt að segja nákvæmlega fyrir um heildarávinning sveitarfélaga fyrr en samningsmarkmið Íslands hafa verið skilgreind og niðurstöður aðildarviðræðna liggja fyrir. Mikið veltur á að það takist að skilgreina Ísland á markvissan hátt í byggðastefnu ESB og byggja upp öflugar skipulagsheildir til að nýta sóknarfærin.

Sambandið sendi utanríkismálanefnd Alþingis ítarlega umsögn um þingsályktunartillögu um að hefja aðildarviðræður. Fulltrúar sambandsins tóku jafnframt þátt í fjölda funda með fulltrúum ráðuneyta og ESB og einnig komu fulltrúar sambandsins á framfæri athugasemdum við allmörg atriði í drögum að svörum við spurningalistum ESB um málaflokka sem snerta sveitarfélögin.

Starfsmenn sambandsins hafa fylgst vel með þróun ESB-mála og þá hefur sambandið tilnefnt sjö fulltrúa í samningahópa vegna aðildarumsóknar Íslands að ESB.

Þá átti formaður sambandsins, Halldór Halldórsson, fund í október með forseta Héraðanefndar ESB (Committee of the Regions), Luc Van den Brande, í höfuðstöðvum héraðanefndarinnar í Brussel. Fundurinn var haldinn í tilefni af umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu.

Hljómlistarmenn við Perluna í Reykjavík



Á fundinum var m.a. rætt um tengsl milli héraðanefndar ESB og sambandsins og hvernig haga ætti þeirri vinnu til framtíðar. Auk þess ræddi Luc Van den Brande um hvernig héraðanefnd ESB gæti aðstoðað íslensk sveitarfélög við undirbúning aðildar að ESB. Í því samband var rætt um að setja á laggirnar samstarfsnefnd þegar Ísland hefur hlotið formlega stöðu sem umsóknarland.

Brussel-skrifstofa

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur rekið skrifstofu í Brussel frá árinu 2006. Skrifstofan er hluti af þróunar- og alþjóðasviði sambandsins. Starfsemi skrifstofunnar er styrkt af Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Meginhlutverk skrifstofunnar er að gæta hagsmuna íslenskra sveitarfélaga gagnvart Evrópusambandinu og í EES-samstarfinu og aðstoða sveitarfélög og landshlutasamtök þeirra við að nýta sér tækifæri í evrópskum samstarfsáætlunum.

Skrifstofan tekur þátt í samstarfi evrópskra systursambanda um hagsmunagæslu gagnvart ESB, í gegnum Samtök evrópskra sveitarfélaga, CEMR. Skrifstofan er til húsa í Evrópuhúsi sveitarfélaga í Brussel þar sem skrifstofa Evrópusamtaka sveitarfélaga og héraða, CEMR, er til húsa. Þar hafa einnig fjölmörg önnur evrópsk sveitarfélagasambönd skrifstofur, svo sem öll norrænu systursamböndin.

Skrifstofan hefur einnig samvinnu við fastanefnd Íslands gagnvart Evrópusambandinu, EFTA skrifstofuna og aðra aðila sem vinna að hagsmunum Íslands í Brussel.

Á árinu 2009 var gerð úttekt á starfsemi skrifstofu sambandsins í Brussel. Niðurstaðan var að halda starfseminni áfram og sótt var um fjárstuðning til þess

hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem ráðgjafanefnd sjóðsins samþykkti. Í ágústlok lét Anna Margrét Guðjónsdóttir af störfum, en hún hafði gegnt starfi forstöðumanns skrifstofunnar frá byrjun. Nýr forstöðumaður skrifstofunnar, Guðrún D. Guðmundsdóttir, hóf störf í ársbyrjun 2010.

Sveitarstjórnarvettvangur EFTA/EES

Við gerð EES-samningsins gerðu menn sér ekki grein fyrir því hversu mikil áhrif hann myndi hafa á sveitarfélög í EES-EFTA löndunum. Sveitarstjórnarstiginu var því ekki tryggt að koma að EES-samstarfinu. Síðar kom í ljós að stór hluti af evrópskri löggjöf sem innleidd er í gegnum EES-samninginn hefur áhrif á sveitarfélög, allt að 70% að því er talið er, auk þess sem samningurinn tryggir sveitarfélögum aðgang að fjölmörgum evrópskum samstarfsáætlunum. Sveitarstjórnarstigið hefur því mikilla hagsmuna að gæta í EES-samstarfinu og í nokkur ár hafa íslenska og norska sveitarfélagasambandið beitt sér fyrir því að geta tengst því.

Til að koma á samráði við sveitarfélög samþykktu ráðherrar EFTA á fundi sínum í Lugano í júní 2008 að setja á laggirnar vettvang fyrir kjörna fulltrúa á sveitarstjórnarstigi og Fastanefnd EFTA afgreiddi svo málið á fundi sínum í desember 2009. Meginmarkmiðið með vettvanginum er að tryggja þátttöku sveitarstjórnarmanna í EES-samstarfinu og koma á tengslum við Héraðanefnd ESB en í henni sitja kjörnir fulltrúar á sveitarstjórnarstigi frá ESB ríkjum sem hafa það hlutverk að fjalla um tillögur að evrópskri löggjöf sem varða sveitarstjórnarstigið.

Fyrsti fundur sveitarstjórnarvettvangs EFTA/EES fer fram á árinu 2010.

Febrúardagur í Reykjavík



Önnur erlend samskipti

Vegna sparnaðaraðgerða hjá sambandinu á árinu 2009 var dregið verulega úr erlendum samskiptum en þó var reynt að sinna þeim á ýmsan hátt eins og kostur var.

Til stóð að halda fund framkvæmdastjóra norrænu sveitarfélagasambandanna í boði sambandsins á Íslandi en óskað var eftir því að fundurinn færdist yfir á árið 2010. Fundurinn var þess í stað haldinn í Danmörku og sótti framkvæmdastjóri hann.

Fulltrúar sambandsins sóttu fund fulltrúaráðs Evrópusamtaka sveitarfélaga og héraða í Berlín í desember. Íslenskir sveitarstjórnarmenn sátu einnig sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins í Strassborg.

Eitt af verkefnum sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins er að gefa ráðherranefnd ráðsins reglulegar skýrslur um stöðu sveitarstjórnarstigsins í aðildarríkjum, sérstaklega með tilliti til Evrópusáttmálans um sjálfstjórn sveitarfélaga sem Ísland hefur verið aðili að síðan 1991.

Stjórnskipunarnefnd þingsins ákvað á árinu 2009 að láta fara fram úttekt á íslenska sveitarstjórnarstiginu þar sem Ísland er eitt fárra landa sem aldrei hefur verið tekið út með þessum hætti og með hliðsjón af þeirri stöðu sem landið er í vegna efnahagshrunsins. Fulltrúar Evrópuráðsins komu til Íslands í júní og hittu formann og framkvæmdastjóra sambandsins, ásamt fleiri starfsmönnum sambandsins. Einnig hittu þau ráðherra sveitarstjórnarmála, formann samgöngunefndar Alþingis, borgarstjórnann í Reykjavík og bæjarstjórnana í Borgarbyggð, Hveragerðisbæ og Sveitarfélaginu Ölfusi. Úttektin á íslenska sveitarstjórnarstiginu, sem var í aðalatriðum

jákvæð, var svo afgreidd af sveitarstjórnarþinginu á fyrri hluta árs 2010.

Allsherjarþing Evrópusamtaka sveitarfélaga og héraða var haldið í Málmhaugum í Svíþjóð í apríl. Yfirskrift þingsins var Fit for the future? How Europe's local and regional governments are preparing? Um 1000 sveitarstjórnarmenn alls staðar úr Evrópu tóku þátt í þinginu og þar var fjallað um helstu úrlausnarefni evrópskra sveitarstjórnarmanna, m.a. efnahagsvandann og loftslagsmálin. Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri í Reykjavík flutti erindi á allsherjarþinginu á fyrsta degi þess og fjallaði þar um hvernig Reykjavíkurborg hefur tekist á við efnahagsvandann. Erindi Hönnu Birnu vakti mikla athygli og var fjallað um það í fréttabréfum sem gefin voru út meðan á allsherjarþinginu stóð. Auk Hönnu Birnu sátu Guðbrandur Einarsson bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ og sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins þingið.

Samvinnuverkefni í úrgangsmálum

Meðhöndlun úrgangs er eitt af lögbundnum verkefnum sveitarfélaga, allt frá söfnun úrgangs frá heimilum til förgunar hans með brennslu eða urðun. Ábyrgðin á meðhöndlun úrgangs er reyndar enn víðtækari þar sem sveitarfélög þurfa einnig að sjá til þess að úrgangur frá rekstraraðilum komist í viðeigandi meðhöndlun. Flest hafa þau kosið að láta meðhöndlun úrgangs í hendur einkaaðila.

Regluverkið um meðhöndlun úrgangs er að grunni til frá Evrópusambandinu og í nýrri rammatilskipun um úrgang er gert ráð fyrir talsverðum breytingum á

Bryggjuskúrar á Bakkafirði



meðhöndlun úrgangsins á næstu árum, með áherslu á aukna endurvinnslu og aðgerðir til að draga úr myndun úrgangs og stöðugt minni úrgang til urðunar. Þessar breytingar munu kosta sveitarfélög verulegar fjárhæðir. Einkafyrirtæki hafa haslað sér völl í meðhöndlun úrgangs sem mörg sveitarfélög notfæra sér. Ríkið rekur Úrvinnslusjóð sem á að stuðla að því að auka endurvinnslu með álagningu úrvinnslugjalds á tiltekna vörur, svo sem pappambúðir og hjólbarða, sem endurgreiðist þegar þessar vörur verða að úrgangi og hafa farið í tiltekna endurvinnslu. Til að styrkja stöðu sveitarfélaga í þeim samskiptum sem munu eiga sér stað milli þeirra sjálfra, og milli atvinnulífsins og ríkisvaldsins var ákveðið um mitt sumar 2007 að stofna til tímabundins verkefnis um hagsmunagæslu í úrgangsmálum. Markmið verkefnisins eru m.a. að vinna að mótun sameiginlegrar stefnu sveitarfélaga í úrgangsmálum og auka áhrif sveitarfélaga við stefnumótun í málaflokknum. Nær öll sveitarfélög hafa ákveðið að taka þátt í verkefninu, verkefnisstjóri var ráðinn í nóvember 2007 og verkefnisstjórn skipuð í desember það ár. Verkefnið mun standa í þrjú ár, frá 1. janúar 2008 til 31. desember árið 2010.

Verkefnisstjórn hélt fimm fundi á árinu. Helstu umfjöllunarefni á fundunum voru megináherslur sveitarfélaga í úrgangsmálum, framkvæmd söfnunar raf- og rafeindatækjaúrgangs, endurskoðun tilskipunar 96/2002/EB um raf- og rafeindatækjaúrgang, og tillögur lögfræðisviðs Sambandsins að breytingum á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs hvað varðar lands- og svæðisáætlanir. Rætt var um tillögu sambandsins að fresta um tvö ár gildistöku ákvæða í reglugerð um hauggassöfnun sem umhverfisráðherra féllst á sumar 2009.

Verkefnisstjórn hafði forgang um að halda ráðstefnu um úrgangsmál á haustmánuðum 2009.

Stjórn sambandsins samþykkti tillögu verkefnisstjórnar um megináherslur sambandsins í úrgangsmálum á fundi sínum í janúar 2009. Verkefnisstjóri hóf í kjölfarið undirbúning að kynningu þeirra í sveitarfélögum. Með aðstoð framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga voru á vormánuðum skipulagðir fundir í öllum landshlutum. Fundirnir voru vel sóttir í flestum landshlutum þótt þátttakan hefði mátt vera meiri á höfuðborgarsvæðinu. Almennt virtust flestir vera sáttir við áherslurnar, hvergi kom fram andstaða við einhverja af áherslupunktunum.

Með megináherslum sveitarfélaga í úrgangsmálum liggur nú fyrir stefnumótun þeirra í anda sjálfbærrar þróunar. Áhersla sem er lögð á jákvæð samskipti við aðra aðila sem koma að úrgangsmálum, ríkisvald, atvinnulíf og rannsóknarstofnanir, er að skila sér í góðum samskiptum við Umhverfisstofnun og umhverfisráðuneytið. Ennfremur við háskólasamfélagið þar sem útlit er fyrir að takast muni samstarf um hauggasmyndun á litlum urðunarstöðum á landinu, en sambandið hafði forgöngu um að tækifæri til rannsókna skapaðist með undanþágu frá kröfu um söfnun hauggass sem umhverfisráðherra veitti í ágúst 2009. Verkefnið hefur aðstoðað sveitarfélög í vinnu við framtíðaráform þeirra um meðhöndlun úrgangs.

Þátttaka sveitarfélaga í erlendu samstarfi hefur áfram þróast í jákvæða átt. Umræðan um úrgang hefur tímabundið fallið í skugga umræðna um loftslagsmál sem hafa verið allsráðandi í aðdraganda og í kjölfar loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem haldin var í Kaupmannahöfn í desember 2009.

Burstarfell í Vopnafirði



Í tengslum við samstarfsverkefni í úrgangsmálum hefur verkefnisstjóri tekið þátt í vinnuhópi CEMR um umhverfismál og verið fulltrúi sambandsins í Municipal Waste Europe (MWE). Auk fulltrúa Norðurlandanna eru fulltrúar frá Austurríki, Þýskalandi, Niðurlöndum og Flandern í Belgíu aðilar að þeim samtökum. Unnið var að því að MWE yrði viðurkenndur umsagnaraðili í lagasetningarferli Evrópusambandsins. Fyrsta skref var undirritun á formlegri skráningu samtakanna í Brussel þann í maí 2009. Umsagnarvinnan hófst með innleggi í umræðu um lífrænan úrgang, þ.e. athugasemdir hafa verið gerðar við stefnu ESB varðandi lífrænan úrgang eins og hún birtist í grænbók um hann.

Fundir og ráðstefnur

Sambandið stendur árlega fyrir fundum, ráðstefnum og námskeiðum um margvísleg málefni, ýmist eitt og sér eða í samstarfi við aðrar stofnanir og félög. Undirbúningur og framkvæmd þessara funda og ráðstefna er í höndum starfssviða sambandsins. Alls sóttu um 1.400 manns fundi og ráðstefnur á vegum sambandsins á árinu 2009.

Meðal funda sem haldnir voru á árinu má nefna árlegt skólaþing sveitarfélaga, fjármálaráðstefnu og landsþing. Auk þess var haldinn sérstakur samráðsfundur sveitarfélaga um efnahagsvandann á vordögum 2009.

Í upphafi árs var efnt til lokafundar sameiginlegrar fundaherferðar menntamálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga til kynningar og umræðna um ný leik- og grunnskólalög. Fundurinn var haldinn í Skriðu við Stakkahlíð og var sendur út beint á vefnum í samvinnu við menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Í febrúar var haldin ráðstefnan Íslensk byggðamál á krossgötum í Menntaskóla Borgarfjarðar í Borgarnesi. Tilefni ráðstefnunnar var samþykkt landsþings sambandsins um endurskoðun á byggðastefnu sambandsins og þátttaka landshlutasamtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra í „Opnum dögum“ Héraðanefndar ESB og Norðurslóðaframlagi þar. Á ráðstefnunni voru evrópsk byggðamál í brennidepli með sérstakri áherslu á stöðu Norður-Evrópu. Þá var einnig fjallað um stjórnskipulag og skilvirkni byggðaaðgerða, bæði hér á landi og í nágrannalöndunum.

XXIII. landsþing sambandsins var haldið í mars og var þar m.a. fjallað um sveitarfélögin og ESB, aukið lýðræði í sveitarfélögum og stöðu verkaskiptamála milli ríkis og sveitarfélaga.

Landsráðstefna Staðardagskrár 21 var haldin í Stykkishólmi í mars undir yfirskriftinni „Ný tækifæri á nýjum tímum“. Ráðstefnuna, sem nú var haldin í ellefta sinn, sóttu um 90 manns sem er sami fjöldi og mest hefur verið áður á landsráðstefnum.

Í apríl tók sambandið þátt í ráðstefnunni „Að móta byggð ... með áherslu á lífsgæði“ ásamt fjölmörgum öðrum aðilum, skólum, samtökum og stofnunum. Ráðstefnan var haldin í framhaldi af fimm málstofum, sem Skipulagsstofnun stóð fyrir, en þær voru helgaðar stöðu manngerðs umhverfis í dag, sjálfbærri þróun, framtíðarsýn og leiðum til úrbóta, ásamt því að hugað var að gæðum hins byggða umhverfis. Á málþinginu var gerð grein fyrir niðurstöðum umræðanna sem fram fóru í málstofum Skipulagsstofnunar.

Börn í vettvangsferð í Reykjanesbæ



Í maí efndi sambandið til málþings um flutning þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga. Þar stýrðu sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga fimm umræðuhópum þar sem farið var yfir helstu þætti sem þarf að hafa í huga við flutning málaflokksins frá ríki til sveitarfélaga.

Í samræmi við samþykkt stjórnar sambandsins í júní 2009 efndi lýðræðishópur sambandsins til málþings um lýðræðismál í sveitarfélögum í ágúst. Hægt var að fylgjast með fundinum á netinu en hann var sendur út í samvinnu við menntavísindasvið HÍ. Málþinginu var ætlað að vera inngangur og grunnur að umræðum um lýðræðismál í sveitarfélögum og á aðalfundum landshlutasamtaka sveitarfélaga.

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga var haldin í byrjun október. Þar var athyglinni beint að forsendum fjárhagsáætlana sveitarfélaga í ljósi breyttra aðstæðna og tækifæri til hagræðingar og hugað var að breytingastjórnun á umbrotatímum.

Undir lok október efndi sambandið til ráðstefnu í samvinnu við umhverfisráðuneyti og Umhverfisstofnun undir yfirskriftinni „Umhverfissvæn og hagkvæm meðhöndlun úrgangs“. Þar komu m.a. fulltrúar frá sveitarfélögum víða um land sem og framkvæmdastjóri Municipal Waste Europe. Sú nýbreytni var tekin upp að erindi á ráðstefnunni voru tekin upp og hljóðskrá sett á vef sambandsins strax að ráðstefnunni lokinni.

Skólaþing sveitarfélaga fór fram í byrjun nóvember. Yfirskrift skólaþingsins var „Skóli á tímamótum – hvernig getum við gert betur?“ Erindi á skólaþinginu voru tekin

upp og hljóðskrár settar á vef sambandsins fljótlega að þinginu loknu.

Samstarfsstofnanir

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur til fjölda ára starfað í nánú samstarfi við Lánasjóð sveitarfélaga og Bjargráðasjóð. Þessar þrjár stofnanir hafa átt saman húsnæði og gert með sér samkomulag um skiptingu kostnaðarhlutdeildar í rekstri þess og rekstri sameiginlegrar skrifstofu.

Starfsemi lánasjóðsins hefur breyst á síðustu árum, ekki síst þegar sjóðnum var breytt í opinbert hlutafélag fyrir nokkrum árum. Meginhlutverk lánasjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán hans takmarkast þó við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu. Jafnframt er það markmið lánasjóðsins að skapa öfluga samkeppni á lánsfjármarkaði fyrir sveitarfélög og fyrirtæki þeirra og reyna þannig að hafa áhrif á kjör þau sem íslenskum sveitarfélögum bjóðast frá öðrum lánveitendum til lækkunar. Starfsmenn lánasjóðsins eru nú þrír og samskipti þeirra og starfsmanna sambandsins eru nán og góð.

Á árinu 2007 var gerð úttekt á framtíðarhlutverki Bjargráðasjóðs á vegum stjórnar sjóðsins. Niðurstaða þeirrar úttektar var sú að rétt væri að leysa sveitarfélögin undan fjármögnun og rekstri sjóðsins, enda sjóðurinn talinn miklu fremur atvinnumál tiltekinna starfsgreina en sveitarstjórnarmál. Í apríl 2009 samþykkti Alþingi síðan ný lög um Bjargráðasjóð þar sem kveðið var

Baula í Borgarfirði



á um uppskiptingu sjóðsins milli eigenda hans, þ.e. bændasamtakanna, ríkisins og sveitarfélaganna.

Í október 2009 fór fram uppgjör á milli sambandsins og Bjargráðasjóðs í samræmi við bráðabirgðaákvæði I við lög nr. 49/2009 um Bjargráðasjóð og gengið var frá slitum á samstarfssamningi sambandsins og Bjargráðasjóðs um sameiginlegan rekstur skrifstofu um leið og sveitarfélögin hættu að vera aðilar að sjóðnum. Stjórn sambandsins samþykkti að setja á stofn sérstakan tryggingarsjóð, Bakhjarl Sambands íslenskra sveitarfélaga sem hefur þann tilgang að varðveita og ávaxta þá fjármuni sem komu í hlut sambandsins við uppgjör Bjargráðasjóðs, að viðbættu stofnframlagi frá sambandinu. Markmiðið með tryggingarsjóðnum er að fjármunir sjóðsins á hverjum tíma verði nýttir til þess að standa undir lífeyrisskuldbindingu sambandsins og Bjargráðasjóðs og í rekstur sambandsins eftir að Bjargráðasjóður er hættur að taka þátt í rekstri sameiginlegrar skrifstofu með sambandinu og Lánasjóði sveitarfélaga ohf.

Þá sinnir skrifstofa sambandsins verkefnum fyrir Hafnasamband Íslands og Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum. Stjórnir þessara samtaka sveitarfélaga funda m.a. á skrifstofu sambandsins og starfsmenn sambandsins annast rekstur þeirra.

Skipulag skrifstofu og starfsmannamál

Skipurit

Breyting varð á skipuriti skrifstofunnar og verkaskiptingu milli sviða sambandsins í árslok 2009. Allir helstu málaflokkar sveitarfélaganna voru vistaðir á ákveðnum sviðum, sbr. meðfylgjandi skipurit.

Stærsta breytingin var að skóla- og velferðarmál voru flutt frá þróunar- og alþjóðasviði yfir á lögfræðisvið og heiti sviðsins breytt til samræmis við það og nefnist það nú lögfræði- og velferðarsvið.


Þá voru settar á laggirnar tvær nýjar fastanefndir hjá sambandinu, skipulagsmálanefnd og félagsþjónustunefnd, en fyrir voru skólamálanefnd, alþjóðanefnd og reikningsskilahópur. Þessum nýju nefndum er ætlað að vera stjórn sambandsins og starfsmönnum þess til ráðgjafar, annars vegar í skipulagsmálum, svo sem varðandi fyrirhugaðar breytingar á lögum og reglum um skipulagsmál og mat á umhverfisáhrifum, og hins vegar um verkefni sveitarfélaga á sviði félagsþjónustu og flutning verkefna á því sviði frá ríki til sveitarfélaga.

Frá Eskifirði





Skipurit skrifstofu sambandsins



Starfsmannamál

Í byrjun árs var ráðist í starfsþróunaráttak hjá sambandinu. Fram fóru starfsþróunarsamtöl við alla starfsmenn og gengið var frá endurbættum starfslýsingum hjá mörgum þeirra í framhaldi af þeim. Átakið heldur áfram með endurtekningu starfsþróunarsamtala. Starfsmenn voru hvattir til þess að miðla upplýsingum um störf sín og verkefni innan sambandsins og jókst upplýsingastreymi milli starfsmann til muna á árinu.

Á árinu létu þær Jana Friðfinnsdóttir, lögfræðingur á lögfræðisviði, og Dóróthea Jóhannsdóttir, hagfræðingur á kjarasviði, af störfum hjá sambandinu, en þær fluttu báðar af landi brott.

Í stað þeirra voru ráðnir Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur og Benedikt Valsson hagfræðingur. Komu þeir báðir til starfa í ágúst.

Björk Ólafsdóttir, MA í matsfræðum, var ráðin verkefnisstjóri í skólamálum, sem er tímabundið starf vegna samstarfsverkefnis sambandsins og menntamálaráðuneytisins til að styðja við framgang sameiginlegrar stefnu og framtíðarsýnar kennara, skólastjórnenda og sveitarfélaga í málefnum grunnskólans til ársins 2020 og til að sinna jafnframt ráðgjöf og leiðbeiningum til sveitarfélaga um val, greiningu og samhæfingu á mælitækjum og aðferðum til þess að meta og auka gæði skólastarfs. Til þess að styrkja upphaf verkefnisins var Brynja Dís Björnsdóttir B.Ed. ráðin að verkefninu í 3 mánuði.

Berglind Eva Ólafsdóttir, Guðjón Bragason og Valgerður Freyja Ágústsdóttir voru í fæðingarorlofi hluta ársins 2009.

Starfsmenn sambandsins í desember 2009:

Framkvæmdastjóri:

Karl Björnsson

Hag- og upplýsingasvið:

Gunnlaugur Júlíusson sviðsstjóri

Jóhannes Á. Jóhannesson sérfræðingur

Valgerður Freyja Ágústsdóttir sérfræðingur

Kjarasvið:

Inga Rún Ólafsdóttir sviðsstjóri

Benedikt Valsson hagfræðingur

Berglind Eva Ólafsdóttir starfsmatssérfræðingur

Guðfinna Harðardóttir mannauðssérfræðingur

Guðrún A. Sigurðardóttir starfsmatssérfræðingur

Guðrún Ósk Sigurjónsdóttir lögfræðingur

Lögfræði- og velferðarsvið:

Guðjón Bragason sviðsstjóri

Björk Ólafsdóttir verkefnisstjóri

Brynja Dís Björnsdóttir verkefnisstjóri

Lúðvík E. Gústafsson sérfræðingur

Svandís Ingimundardóttir skólamálafulltrúi

Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur

Rekstrar- og útgáfusvið:

Magnús Karel Hannesson sviðsstjóri

Bára M. Eiríksdóttir gjaldkeri

Guðbjörg Karlsdóttir, ritari framkvæmdastjóra

Ingibjörg Hinriksdóttir tækni- og upplýsingafulltrúi

Jónína Eggertsdóttir, bókarari og launafulltrúi

Ragnheiður Snorradóttir ritari

Sigríður Inga Sturludóttir móttökuritari

Þróunar- og alþjóðasvið:

Anna Guðrún Björnsdóttir sviðsstjóri

Stjórn og nefndir

Stjórn sambandsins í desember 2009

Halldór Halldórsson, formaður Norðvesturkjörsv.
Þorleifur Gunnlaugsson, varaformaður,
Reykjavíkurborg
Dagur B. Eggertsson, Reykjavíkurborg
Hanna Birna Kristjánsdóttir, Reykjavíkurborg
Gunnar Einarsson, Suðvesturkjörsv.
Lúðvík Geirsson, Suðvesturkjörsv.
Elín R. Línal, Norðvesturkjörsv.
Sigrún Björk Jakobsdóttir, Norðausturkjörsv.
Smári Geirsson, Norðausturkjörsv.
Aldís Hafsteinsdóttir, Suðurkjörsvæði
Þorvaldur Guðmundsson, Suðurkjörsv.

Launanefnd sveitarfélaga í desember 2009

Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, formaður,
Hafnarfjarðarkaupstað
Halla S. Steinólfssdóttir, Dalabyggð
Hallgrímur Bogason, Grindavíkurbæ
Hallur Páll Jónsson, Reykjavíkurborg
Hermann Jón Tómasson, Akureyrarkaupstað
Ingunn Gísladóttir, Reykjavíkurborg
Karl V. Tómasson, Mosfellsbæ
Margrét Sverrisdóttir, Reykjavíkurborg
Soffía Lárusdóttir, Fljótshálfshéraði

Fulltrúaráð Evrópusamtaka sveitarfélaga og héraða – CEMR (Policy Committee)

Aldís Hafsteinsdóttir, Hveragerðisbæ
Smári Geirsson, Fjarðabyggð

Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins – Congress of Local and Regional Authorities

Halldór Halldórsson, Ísafjarðarbæ, formaður
sendinefndarinnar
Smári Geirsson, Fjarðabyggð
Aldís Hafsteinsdóttir, Hveragerðisbæ

Alþjóðanefnd

Smári Geirsson, formaður, Fjarðabyggð
Aldís Hafsteinsdóttir, Hveragerðisbæ
Hrefna B. Jónsdóttir, SSV

Sigríður Stefánsdóttir, Akureyrarkaupstað

Nefndin á að vera ráðgefandi og til stuðnings fyrir stjórn
sambandsins og starfsmenn þess um öll alþjóðamál sem
snerta sambandið og íslensk sveitarfélög.

Kyrrlátur dagur við höfnina



Skólamálanefnd

Gunnar Einarsson, Garðabæ

Gunnar Gíslason, Akureyrarkaupstað

Kristín Hreinsdóttir, Skólaskrifstofu Suðurlands

Ragnar Þorsteinsson, Reykjavíkurborg

Kjörin af stjórn sambandsins til þess að vera stjórninni og þróunar- og skólafulltrúa til ráðuneytis um skólamál.

Faghópur um bókhald og reikningsskil sveitarfélaga

Guðrún Pálsdóttir, Kópavogsbæ

Jón Pálmi Pálsson, Akraneskaupstað

Pétur J. Lockton, Mosfellsbæ

Kjörinn af stjórn sambandsins til þess að vera stjórninni og sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs til ráðuneytis um bókhald og reikningsskil sveitarfélaga.

Frá Bessastöðum



**Ársreikningur
Sambands íslenskra sveitarfélaga
2009**

Áritun stjórnenda

Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2009 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og á fyrra ári.

Samkvæmt rekstrarreikningi voru rekstrartekjur 340,3 m.kr. á árinu 2009 en rekstrargjöld 321,4 m.kr. Rekstrarafkoma ársins fyrir fjármagnsliði var því jákvæð um 19,0 m.kr. en að teknu tilliti til fjármunatekna og fjármagnsgjalda var afkoma ársins jákvæð um 21,7 m.kr.

Laun og launatengd gjöld samkvæmt rekstrarreikningi námu samtals 223,1 m.kr. Þar af eru laun og launatengd gjöld vegna stjórnar, nefnda og ráða 20,1 m.kr. Ársverk starfsmanna voru að meðaltali 21,5.

Heildareignir sambandsins samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2009 nema 196,2 m.kr. en skuldir og skuldbindingar námu 19,4 m.kr. Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi nam 176,8 m.kr. í árslok 2009.

Í október 2009 fór fram uppgjör á milli sambandsins og Bjargráðasjóðs í samræmi við bráðabirgðaákvæði I við lög nr. 49/2009 um Bjargráðasjóð og gengið var frá slitum á samstarfssamningi sambandsins og Bjargráðasjóðs um sameiginlegan rekstur skrifstofu um leið og sveitarfélögin hættu að vera aðilar að sjóðnum. Stjórn sambandsins samþykkti að setja á stofn sérstakan tryggingarsjóð, Bakhjarl Sambands íslenskra sveitarfélaga sem hefur þann tilgang að varðveita og ávaxta þá fjármuni sem komu í hlut sambandsins við uppgjör Bjargráðasjóðs, að viðbættu stofnframlagi frá sambandinu. Markmiðið með tryggingarsjóðnum er að fjármunir sjóðsins á hverjum tíma verði nýttir til þess að standa undir lífeyrisskuldbindingu sambandsins og Bjargráðasjóðs og í rekstur sambandsins eftir að Bjargráðasjóður er hættur að taka þátt í rekstri sameiginlegrar skrifstofu með sambandinu og Lánasjóði sveitarfélaga ohf. Bakhjarl hefur sérstakan fjárhag og gerð eru sérstök reikningsskil fyrir sjóðinn.

Við uppgjör Bjargráðasjóðs voru greiddar 279,1 m.kr. frá sjóðnum og voru þeir fjármunir færðir í Bakhjarl. Sambandið yfirtók 15% eignarhluta Bjargráðasjóðs í 5. hæð Borgartúns 30. Bakhjarl yfirtók lífeyrisskuldbindingu sambandsins að fjárhæð 138,2 m.kr. Á móti lagði sambandið fjárvörslureikning að fjárhæð 84,8 m.kr. og 113,9 m.kr. í bankainnstæðum til Bakhjarls.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, framkvæmdastjóri og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs staðfesta hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2009 með undirritun sinni.

Reykjavík 25. febrúar 2010.

Stjórn:

Halldór Halldórsson (sign)

Þorleifur Gunnlaugsson (sign)

Sigrún Björk Jakobsdóttir (sign)

Dagur B. Eggertsson (sign)

Gunnar Einarsson (sign)

Elín R. Líndal (sign)

Þorvaldur Guðmundsson (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir (sign)

Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2009 er gefinn út hinn 26. janúar 2010 og er á þeim degi tilbúinn til afgreiðslu í stjórn sambandsins

Reykjavík 26. janúar 2010.

Framkvæmdastjóri:

Karl Björnsson (sign)

Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs:

Magnús Karel Hannesson (sign)

Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna

Til stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sambandsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sambandsins á árinu 2009, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík 23. febrúar 2010.

KPMG hf.

KPMG hf.

Halldór Hróarr Sigurðsson (sign)

Auðunn Guðjónsson (sign)

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga, höfum yfirfarið ársreikning sambandsins fyrir árið 2009 og leggjum við til að hann verði samþykktur.

Reykjavík 23. febrúar 2010

Margrét K. Erlingsdóttir (sign)

Steinþór Einarsson (sign)

Rekstrarreikningur ársins 2009

	Skýr.	Ársreikningur 2009	Áætlun 2009	Ársreikningur 2008
Rekstrartekjur:				
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga		233.164.561	227.269.000	242.294.333
Seldar vörur og þjónusta		88.518.570	89.585.000	84.576.369
Aðrar tekjur		18.651.212	19.150.000	18.424.070
	13	<u>340.334.343</u>	<u>336.004.000</u>	<u>345.294.772</u>
Rekstrargjöld:				
Laun og launatengd gjöld	14	223.050.145	224.762.000	235.241.933
Hækkun lífeyrisskuldbindingar	11, 14	8.487.110	11.315.000	11.411.627
Annar rekstrarkostnaður	15	88.006.670	94.603.000	95.580.686
Afskriftir	17	1.825.152	1.708.000	1.708.039
		<u>321.369.077</u>	<u>332.388.000</u>	<u>343.942.285</u>
Rekstrarafkoma ársins		<u>18.965.266</u>	<u>3.616.000</u>	<u>1.352.487</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):				
Vaxtatekjur		11.476.054	9.050.000	12.061.982
Vaxtagjöld		(23.704)	(25.000)	(79.893)
Arður		17.500	12.000	12.500
Lækkun sjóða í fjárvörslu	18	(8.761.552)	0	(21.259.050)
		<u>2.708.298</u>	<u>9.037.000</u>	<u>(9.264.461)</u>
Afkoma ársins	20, 24	<u>21.673.564</u>	<u>12.653.000</u>	<u>(7.911.974)</u>

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	2009	2008
Fastafjármunir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
65% fasteignarinnar að Borgartúni 30, 5. hæð, Rvk.	7, 17	98.459.313	76.861.766
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Hlutabréfaeign	8	89.461	89.461
Fjárvörslureikningar	9, 18	26.715.413	136.116.750
		26.804.874	136.206.211
Fastafjármunir		125.264.187	213.067.977
Veltufjármunir:			
Óinnheimtar tekjur		13.988.466	18.406.068
Ýmsar skammtímakröfur		7.388.730	7.324.414
Handbært fé	10	49.538.621	105.433.664
Veltufjármunir		70.915.817	131.164.146
Eignir samtals		196.180.004	344.232.123
Eignir samtals		344.232.123	339.253.330

31. desember 2009

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2009	2008
Eigið fé:			
Eiginfjárreikningur	20	<u>176.835.540</u>	<u>192.215.613</u>
Skuldbindingar:			
Lífeyrisskuldbinding	11	<u>0</u>	<u>133.261.353</u>
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		2.544.796	1.711.863
Aðrar skammtímaskuldir		<u>16.799.668</u>	<u>17.043.294</u>
		<u>19.344.464</u>	<u>18.755.157</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>19.344.464</u>	<u>152.016.510</u>
 Eigið fé, skuldir og skuldbindingar samtals		196.180.004	344.232.123
Eigið fé, skuldir og skuldbindingar samtals		<u>344.232.123</u>	<u>339.253.330</u>

Sjóðsstreymisyfirlit 2009

	Skýr.	2009	2008
Rekstrarhreyfingar:			
Afkoma ársins samkvæmt rekstrarreikningi	20	21.673.564	(7.911.974)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Hækkun lífeyrisskuldbindingar	11	8.487.110	11.411.627
Afskriftir	17	1.825.152	1.708.039
Lækkun sjóða í fjárvörslu	18	8.761.552	21.259.050
Veltufé frá rekstri		40.747.378	26.466.742
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur lækkun (hækkun)		4.353.286	(2.779.601)
Skammtímaskuldir hækkun		589.307	5.250.295
Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindingar	11	(3.541.129)	(3.771.155)
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		1.401.464	(1.300.461)
Handbært fé frá rekstri		42.148.842	25.166.281
Fjárfestingarhreyfingar:			
Fært í eignastýringu		0	(70.000.000)
Innleyst sjóðsbréf	18	15.846.616	52.755.409
Framlag til Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga	17, 20	(113.890.501)	0
		(98.043.885)	(17.244.591)
(Lækkun), hækkun á handbæru fé		(55.895.043)	7.921.690
Handbært fé í ársbyrjun		105.433.664	97.511.974
Handbært fé í árslok		49.538.621	105.433.664
		(55.895.043)	7.921.690

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

- 1 Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
- 2 Á árinu 2009 voru samþykkt ný lög um Bjargráðasjóð, nr. 49/2009, þar sem kveðið var á um að sveitarfélögin hættu að vera aðilar að sjóðnum og að rekstur hans færist til Bændasamtaka Íslands. Þann 2. október 2009 gerði sambandið samning við Bjargráðasjóð um yfirtöku 15% eignarhluta í húsnæði að Borgartúni 30 og lífeyrisskuldbindingar sjóðsins, eins og nánar er greint frá í skýringum í ársreikningnum.
- 3 Í kjölfar lagabreytinga, sbr. skýringu 2, samþykkti stjórn sambandsins að stofna sérstakan tryggingarsjóð, Bakhjarl Sambands íslenskra sveitarfélaga, til að annast vörslu og ávöxtun þeirra fjármuna sem komu í hlut sambandsins við uppgjör Bjargráðasjóðs. Einnig tók Bakhjarl við tilteknum fjármunum frá sambandinu sem ætlaðir eru til að standa straum af lífeyrisskuldbindingu sambandsins á komandi árum. Á móti þessum fjármunum tók Bakhjarl yfir allar lífeyrisskuldbindingar sambandsins og einnig allar lífeyrisskuldbindingar Bjargráðasjóðs, samkvæmt framangreindum samningi frá 2. október 2009, sbr. skýringu 2.

Markmiðið er að raunvextir fjármuna Bakhjarls, og eftir atvikum höfuðstóll hans, verði á hverjum tíma nýttir til að standa undir lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna sambandsins og fyrrverandi starfsmanna Bjargráðasjóðs. Einnig er Bakhjarli ætlað að standa á bak við rekstur sambandsins, eins og nafn hans gefur til kynna, eftir að Bjargráðasjóður er hættur að taka þátt í rekstri sameiginlegrar skrifstofu með sambandinu og Lánasjóði sveitarfélaga ohf., sbr. skýringu 4 hér á eftir.

- 4 Á undanförunum árum hefur Samband íslenskra sveitarfélaga haft sameiginlegt skrifstofuhald með Bjargráðasjóði og Lánasjóði sveitarfélaga ohf., samkvæmt sérstökum samningum sem gerðir voru á árunum 2004 og 2005. Með framangreindum samningi við Bjargráðasjóð þann 2. október 2009 keypti sambandið 15% eignarhlut Bjargráðasjóðs í sameiginlegu skrifstofuhúsnæði að Borgartúni 30 í Reykjavík. Eftir kaupin á sambandið 65% hlut í húsnæðinu á móti 35% hlut Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Sameiginlegur skrifstofukostnaður samstarfsstofnana á árinu kemur fram í skýringu 16 í ársreikningnum, en í árslok 2009 lauk þátttöku Bjargráðasjóðs í sameiginlegum skrifstofurekstri með sambandinu og lánasjóðnum.

Innlaun tekna

- 5 Megintekjustofn sambandsins er framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og er það fært til tekna mánaðarlega miðað við útborgun sjóðsins. Framlagið byggist á lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum og nemur 1,70% af almennum framlagi ríkissjóðs til jöfnunarsjóðsins og 1,70% af hlutdeild jöfnunarsjóðs í útsvarstekjum sveitarfélaga.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Færsla gjalda

- 6 Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljenda hefur myndast.

Varanlegir rekstrarfjármunir

- 7 Eignarhlutur í fasteign er færður til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími er þannig:

Fasteign

50 ár

Eignarhluti í félagi

- 8 Sambandið á eignarhlut í Endurvinnslunni hf. og er hann færður til eignar í efnahagsreikningi á framreiknuðu kostnaðarverði til ársloka 2001.

Fjárvörslureikningur

- 9 Fjárvörslureikningar í bankastofnunum eru færðir til eignar í efnahagsreikningi samkvæmt markaðsvirði í árslok.

Handbært fé

- 10 Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

Skýringar frh.

Lífeyrisskuldbinding

- 11 Nokkrir starfsmanna sambandsins eru aðilar að B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Lífeyrir starfsmanna hækka í samræmi við laun opinberra starfsmanna og hvílir verðtrygging lífeyrisins á sambandinu. Eins og fram kemur í skýringu 3 samþykkti stjórn sambandsins að stofna sérstakan tryggingarsjóð, Bakhjarl Sambands íslenskra sveitarfélaga, til þess m.a. að sjá um umsýslu lífeyrisskuldbindingarinnar. Lífeyrisskuldbindingin var flutt til Bakhjarls þann 1. desember 2009, alls 138,2 m.kr. Breyting á skuldbindingunni vegna 11 mánaða ársins er gjaldfærð í rekstrarreikningi, sbr. skýringu 14.

Fjárhagsáætlun

- 12 Fjárhagsáætlun sambandsins fyrir árið 2009 er hluti ársreikningsins og er hún birt í rekstrarreikningi og skýringum.

Rekstrartekjur

- 13 Rekstrartekjur greinast þannig:

	Ársreikningur 2009	Áætlun 2009	Ársreikningur 2008
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	233.164.561	227.269.000	242.294.333
Seldar vörur og þjónusta:			
Sveitarfélög	48.923.746	51.044.000	51.278.678
Ráðstefnu- og námskeiðsgjöld	5.873.400	6.080.000	5.086.700
Bækur, o.fl.	1.835.432	1.975.000	2.906.631
Samstarfsstofnanir	31.885.992	31.886.000	25.304.360
	88.518.570	90.985.000	84.576.369
Aðrar tekjur:			
Ráðuneyti og ríkisstofnanir	4.206.668	3.519.000	4.500.000
Önnur framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	14.444.544	12.708.000	13.924.070
Styrkir og endurgreiðslur	0	1.523.000	0
	18.651.212	17.750.000	18.424.070
Rekstrartekjur samtals	340.334.343	336.004.000	345.294.772

Starfsmannamál

- 14 Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	182.936.687	184.491.000	194.396.320
Launatengd gjöld	40.113.458	40.271.000	40.845.613
	223.050.145	224.762.000	235.241.933
Hækkun lífeyrisskuldbindingar	8.487.110	11.315.000	11.411.627
Laun og launatengd gjöld samtals	231.537.255	236.077.000	246.653.560
Meðalstarfsmannafjöldi	21,5	20,5	23,1

Annar rekstrarkostnaður

	Ársreikningur 2009	Áætlun 2009	Ársreikningur 2008
15 Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:			
Vörukaup	14.978.663	19.632.000	17.341.133
Þjónustukaup	67.022.541	68.830.000	70.207.926
Skattar og opinber gjöld	3.037.231	2.381.000	2.686.371
Styrkir og framlög	2.968.235	3.760.000	5.345.256
Annar rekstrarkostnaður samtals	88.006.670	94.603.000	95.580.686

Skýringar frh.

Sameiginlegur kostnaður samstarfsstofnana

- 16 Sameiginlegur kostnaður sambandsins, Lánasjóðs sveitarfélaga og Bjargráðasjóðs, sbr. skýringu 4, nam 97,4 m.kr. á árinu 2009 og skiptist hann þannig:

	Sambandið	Bjargráðasjóður	Lánasjóður	Samtals
Rekstur húsnæðis	7.835.758	1.743.923	5.158.292	14.737.973
Annar sameiginlegur kostnaður	52.240.098	15.192.996	15.192.996	82.626.090
Samtals	60.075.856	16.936.919	20.351.288	97.364.063
Hlutfall	62%	17%	21%	100%

Varanlegir rekstrarfjármunir

- 17 Bókfært verð 65% eignarhluta sambandsins í 5. hæð fasteignarinnar að Borgartúni 30 greinist þannig:

Stofnverð 1.1. 2009	85.401.961
Afskrifað áður	(8.540.195)
Bókfært verð 1.1. 2009	76.861.766
Eignarhlutur Bjargráðasjóðs í Borgartúni 30	23.422.699
Afskrifað á árinu	(1.825.152)
Bókfært verð 31.12. 2009	98.459.313
Stofnverð 31.12. 2009	108.824.660
Afskrifað samtals 31.12. 2009	(10.365.347)
Bókfært verð 31.12. 2009	98.459.313
Afskriftarhlutfall	2%

Fasteignamat eignarhlutans nemur 91,2 m.kr. í árslok 2009.

Brunabótamat eignarhlutans nemur 120,5 m.kr. á sama tíma.

Áhættufjármunir og langtímakröfur

- 18 Fjárvörslureikningar greinast þannig:

Eign 1.1.2009	136.116.750
Innleyst sjóðsbréf	(15.846.616)
Ávöxtun á fjárvörslureikningi	7.310.677
Rýrnun verðbréfaeignar	(16.072.229)
Flutt yfir til Bakhjarls	(84.793.169)
Eign 31.12.2009	26.715.413

Skammtímakröfur

- 19 Óinnheimtar tekjur og ýmsar skammtímakröfur samkvæmt efnahagsreikningi námu 21,4 m.kr. í árslok 2009. Kröfurnar eru nær eingöngu á opinbera aðila og er því ekki gerð óbein niðurfærsla á kröfunum í árslok.

Eigið fé

- 20 Eigið fé greinist þannig:

Eigið fé 1.1. 2009	192.215.613
Lífeyrisskuldbindingar fluttar yfir í Bakhjarl, sbr. skýringu 11	138.207.334
Fjárvörslureikningur fluttur yfir í Bakhjarl, sbr. skýringu 18	(84.793.169)
Framlag sambandsins til Bakhjarls	(113.890.501)
Eignarhlutur Bjargráðasjóðs í húsnæðinu að Borgartúni 30, sbr. skýringu 17	23.422.699
Afkoma ársins	21.673.564
Eigið fé 31.12. 2009	176.835.540

Skýringar frh.

Lykiltölur

21	Helstu lykiltölur:	2009	2008
	Veltufjárlutfall - Veltufjármunir/skammtímaskuldum	3,67	6,99
	Eiginfjárlutfall - Eigið fé/heildarfjármagni	90,1%	55,8%

Launanevnd sveitarfélaga

- 22 Launanevnd sveitarfélaga starfar á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga og hefur hún starfsaðstöðu á skrifstofum sambandsins. Hlutverk launanevndarinnar er m.a. að gæta hagsmuna sveitarfélaganna gagnvart samtökum þeirra launþega, sem þau ráða til starfa, sérstaklega að því er varðar kaup og kjör og kemur nefndin fram sem samningsaðili fyrir hönd sveitarfélaga, fyrirtækja, stofnana og hagsmunasamtaka eftir því sem þessir aðilar gefa nefndinni umboð til, eins og segir í samþykktum fyrir launanevndina. Launanevnd sveitarfélaga er kosin á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga til fjögurra ára í senn.

Rekstur launanevndar greinist þannig:

	Ársreikningur 2009	Áætlun 2009	Ársreikningur 2008
Launanevnd:			
Laun	4.017.871	6.872.000	6.532.317
Launatengd gjöld	665.146	999.000	866.512
Vörukaup	263.364	480.000	474.633
Þjónustukaup	2.225.340	1.242.000	843.418
Styrkir og framlög	62.500	0	0
Samtals kostnaður	7.234.221	9.593.000	8.716.880
Endurgreiðslur sveitarfélaga	(7.234.221)	(9.593.000)	(8.716.880)
Samtals	0	0	0
Starfsmat:			
Laun	9.640.432	9.233.000	12.336.951
Launatengd gjöld	2.175.021	1.963.000	2.579.191
Þjónustukaup	770.337	340.000	170.100
Samtals kostnaður	12.585.790	11.536.000	15.086.242
Endurgreiðslur sveitarfélaga	(12.585.790)	(11.536.000)	(15.086.242)
Samtals	0	0	0
Kostnaðarhlutdeild:			
Hlutdeild í sérkostnaði kjarasviðs	18.000.000	18.000.000	17.499.996
Endurgreiðslur sveitarfélaga	(18.000.000)	(18.000.000)	(17.499.996)
Samtals	0	0	0

- 23 Viðskiptareikningur Launanevndar sveitarfélaga hjá sambandinu greinist þannig:

	Ársreikningur 2009	Áætlun 2009	Ársreikningur 2008
Staða í ársbyrjun	(3.052.270)	(2.000.000)	(1.988.445)
Launanevnd, sbr. skýringu 21	7.234.221	9.593.000	8.716.880
Starfsmat, sbr. skýringu 21	12.585.790	11.536.000	15.086.242
Kostnaðarhlutdeild, sbr. skýringu 21	18.000.000	18.000.000	17.499.996
Innheimt hjá sveitarfélögunum á árinu	(40.205.548)	(40.000.000)	(42.366.943)
Staða í árslok	(5.437.807)	(2.871.000)	(3.052.270)

Skýringar frh.

Sundurliðun rekstrarreiknings

24 Rekstrartekjur og rekstrargjöld sundurliðast þannig eftir viðfangsefnum í þús.kr.:

	Gjöld	Tekjur	Staða	Fjárhagsáætlun
Jöfnunarsjóður				
Framlag	0	233.165	(233.165)	(227.269)
Samtals	0	233.165	(233.165)	(227.269)
Yfirstjórn				
Landsþing	1.340	0	1.340	1.638
Sambandsstjórn	22.114	0	22.114	21.169
Endurskoðun og reikningsskil	1.064	0	1.064	925
Aðrar nefndir og sérverkefni	893	0	893	5.339
Innlent samstarf	822	0	822	515
Ráðgjst. um fjármál heimilanna	1.781	0	1.781	1.490
Norrænt samstarf	406	0	406	694
Könnun á lýðræði í sveitafél.	1.000	0	1.000	1.000
Annað erlent samstarf	611	0	611	1.019
Samtals	30.029	0	30.029	33.789
Rekstrar- og útgáfusvið				
Sérkostnaður sviðsins	82.626	31.890	50.736	52.601
Samtals	82.626	31.890	50.736	52.601
Hag- og upplýsingasvið				
Sérkostnaður sviðsins	24.718	0	24.718	23.900
Upplýsingaveita sveitarfélaga	3.610		3.610	3.647
Faghópur um reikningsskil sveitarf.	0	0	0	145
Skólavogin	2.144	960	1.184	657
Kostnaðarmatsnefnd	0	0	0	170
Gerð hagstjórnarsamnings	1.060	707	353	0
Samtals	31.532	1.667	29.866	28.519
Kjarasvið				
Sérkostnaður sviðsins	39.379	18.000	21.379	21.353
Launanefnd sveitarfélaga	7.234	7.234	0	0
Starfsmat	12.586	12.586	0	0
Samtals	59.199	37.820	21.379	21.353
Þróunar- og alþjóðasvið				
Sérkostnaður sviðsins	21.997	0	21.997	22.898
Skólamálanefnd	900	0	900	1.256
Mat á skólastarfi, samstarfsverkefni	3.904	2.500	1.404	4.385
Starfshópar og verkefnanefndir	924	0	924	1.034
Alþjóðanefnd	323	0	323	599
Brussel-skrifstofa	12.454	12.445	10	0
Samtals	40.501	14.945	25.557	30.172

Skýringar frh.

	Gjöld	Tekjur	Staða	Fjárhagsáætlun
Lögfræðisvið				
Sérkostnaður sviðsins	20.639	0	20.639	20.267
Samstarfsverkefni í úrgangsmálum	10.114	10.144	(30)	170
Umhverfisnefnd CEMR	0	0	0	237
Samtals	30.753	10.144	20.609	20.674
Staðardagskrá 21				
Sérkostnaður verkefnisins	5.171	3.000	2.171	2.243
Samtals	5.171	3.000	2.171	2.243
Ráðstefnur og námskeið				
Ráðstefnur	5.712	5.873	(161)	0
Samtals	5.712	5.873	(161)	0
Útgáfu- og kynningarmál				
Tímaritið Sveitarstjórnarmál	2.078	0	2.078	2.077
Árbók sveitarfélaga	1.020	1.585	(565)	(556)
Rit til endursölu	853	244	609	(330)
Upplýsingavefur sambandsins	2.118	0	2.118	3.377
Önnur fræðslu- og kynningarrit	619	1	617	700
Samtals	6.688	1.831	4.857	5.268
Hlutdeild í rekstri húsnæðis				
Borgartún 30	14.738	0	14.738	16.780
Hlutdeild samstarfsstofnana	(6.902)	0	(6.902)	(8.390)
Samtals	7.836	0	7.836	8.390
Sameiginlegur kostnaður				
Breyting á lífeyrisskuldbindingu	8.487	0	8.487	11.315
Eftirlauna- og starfslokasamningar	9.424	0	9.424	6.584
Afskriftir	1.825	0	1.825	1.708
Staðgreiddur fjármagnstekjuskattur	1.448	0	1.448	882
Þjónustugjöld banka	137	0	137	156
Samtals	21.321	0	21.321	20.645
Alls rekstur	321.369	340.334	(18.965)	(3.616)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Vaxta- og verðbótat. af veltufjm.	0	11.476	(11.476)	(9.050)
Tekjur af eignahlutum	0	18	(18)	(12)
Vaxta- og verðbótagj. af skammtsk.	24	0	24	25
Breytingar á fjárvörslureikningum	8.762	0	8.762	0
Samtals	8.785	11.494	(2.708)	(9.037)
Alls	330.154	351.828	(21.674)	(12.653)



